

EDDA R. H. WAAGE OG
GUÐBJÖRG R. JÓHANNESDÓTTIR

Að fanga fagurferðilegt gildi landslags

Þróun aðferðafræði í rannsóknum við mat á landslagi

Landslag er að finna á mörkum hins hlutlæga heims og þess huglæga. Það vísar til efnislegra þátta í umhverfinu um leið og það vísar til hugmynda og upplifunar af því sama umhverfi. Landslag er þannig hvorki hlutlægt né huglægt, heldur grundvallast það á tengslum milli þessara veruleika. Í þeim tengslum sem fólk á við umhverfi sitt í gegnum landslag eru fólgin ýmis gildi, gildi sem felast í sjálfu landslaginu, það er að segja þeim tengslum sem fólk á við umhverfi sitt, sem og gildi sem af þessum tengslum leiða. Gildi landslags hafa verið til umfjöllunar í íslensku samfélagi til langs tíma, með margbreytilegum hætti og á ýmsum vettvangi. Frá aldamótunum 2000 hefur verið markviss viðleitni í þá átt að nota landslagshugtakið sem tæki í skipulagsákvörðunum er varða landnotkun og nýtingu. Þekkingu á landslagshugtakinu hefur fleytt fram á þessu tímabili samhliða þróun aðferðafræði til að leggja mat á gildi landslags.

Meginmarkmið þessarar greinar er að segja frá rannsókn okkar á fagurferðilegu¹ gildi landslags sem unnin var fyrir Rammaáætlun.² Tilgangur

¹ Sjá skýringu á merkingu hugtaksins „fagurferðilegt“ hér aftar, nánar tiltekið í upphafi kaflans „Rannsókn á fagurferðilegu gildi landslags“ á bls. 108.

² Áætlunin er í daglegu tali nefnd Rammaáætlun. Þegar fyrsti áfangi hennar fór fram var það undir heitinu Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Í öðrum áfanga var heitinu breytt í Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði, og með lagasetningu árið 2011 var því breytt í Verndar- og orkunýtingaráætlun.



rannsóknarinnar var að dýpka þekkingu á gildum landslags og að þróa aðferðir til að fjalla um hið fagurferðilega gildi. Rannsóknin fellur í flokk umhverfishugvísinda, þess þverfaglega fræðaheims sem fjallar um umhverfið út frá sjónarhóli félags- og hugvísinda. Markmið greinarinnar er því öðrum þræði fólgið í því að sýna fram á mikilvægi þess að umhverfishugvísindi leiki hlutverk til jafns við náttúruvísindin þegar kemur að ákvarðanatöku um landnýtingu.

Við byrjum umfjöllunina á því að segja frá tilurð samstarfs okkar, og gefum þannig dæmi um hvernig samstarf í umhverfishugvísindum getur orðið til. Í kjölfarið rekjum við sögu landslagsrannsókna hérlandis frá aldamótunum 2000, með áherslu á þróun aðferða við að meta gildi landslags. Því næst víkur sögunni að rannsókninni á fagurferðilegu gildi landslags. Greint er frá hugtakalegum grunni og aðferðafræði rannsóknarinnar. Í rannsókninni voru dregnir fram þættir hins fagurferðilega gildis á þeim svæðum sem voru til skoðunar. Hér gerum við grein fyrir völdum þáttum, nefnilega upplifun af *krafti og kyrrð*, og notum þennan vettvang til að kryfja til hlítar formgerð upplifunarinnar sem þar liggur til grundvallar, og til að rýna hana með aðstoð kenninga úr náttúrufræði. Greininni lýkur á umfjöllun um gildi rannsóknarinnar og aðkomu umhverfishugvísinda að landslagsmálum.

Þverfagleg samvinna í umhverfishugvísindum verður til

Upp úr aldamótunum 2000 voru umrótstímar í náttúruverndarmálum hér á landi þegar Kárahnjúkavirkjun, stærsta framkvæmd Íslandssögunnar, stóð fyrir dyrum. Stærðargráða framkvæmdanna setti siðferðileg álitamál er varða náttúruvernd og nýtingu í annað samhengi en áður hafði þekkt. Deilurnar, sem þessar fyrirhuguðu framkvæmdir ollu, skipuðu fólki í andstæðar fylkingar þannig að segja má að þær hafi nánast klofið þjóðina í tvennt.³ Á þessum tíma vorum við sjálfar í háskólanámi, önnur í heimspeki og hin í ferðamálafræði og landfræði. Námið hvatti okkur til aukinnar umhugsunar um þessi efni og veitti okkur tækifæri til að móta sýn okkar. Meðal þeirra spurninga sem leituðu á okkur voru hvaða gildi eru til umræðu þegar slíkar ákvarðanir um landnýtingu eru teknar og hvaða raddir fá að heyrast? Hvor í sínu lagi og hvor á sínum fræðilegu forsendum, mátuðum við þessa atburði við þau fræði sem við lögðum stund á. En þrátt fyrir að við kæmum úr

³ Sjá umfjöllun um Kárahnjúkavirkjun í Unnur Birna Karlsdóttir, *Þar sem fossarnir falla: Náttúrusýn og nýting fallvatna á Íslandi 1900–2008*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010, bls. 157–201.

ólíkum áttum lágu leiðir okkar á sama stað; okkur varð ljóst að tilfinningar og þau tengsl við landið, sem myndast í gegnum upplifanir af náttúrunni, voru tabú í umræðunni þrátt fyrir að vera ástæða þess að svo margir lögðu í baráttu gegn framkvæmdunum.

Á sama tíma var í þróun aðferðafræði við nýja gerð skipulagsáætlana sem ætlað var að takast á við þessar aðstæður sem uppi voru í samfélaginu, annars vegar Náttúruverndaráætlun og hins vegar Rammaáætlun. Í báðum tilfellum var landslag gert að viðfangi, ásamt ýmsum fyrirbærum náttúrunnar, sem áttu að liggja til grundvallar niðurstöðum þessara áætlana. Landslag hafði vissulega komið við sögu í náttúruvernd á Íslandi og framan af lék það mikilvægt hlutverk, en merking þess hafði tekið breytingum áratugina á undan, þar sem tilvísun til fegurðar landslagsins hafði vikið fyrir hlutbundnum og mælanlegum þáttum þess.⁴ Landslagshugtakið hafði enn ekki verið skilgreint í lögum á þessum tíma, en svo virðist sem hópur fólks úr röðum náttúruverndar- og skipulagsmála hafi séð tækifæri í landslagshugtakinu til að taka til greina þau gildi sem höfðu orðið útundan í markvissri viðleitni náttúruverndargeirans til að vísindavæða ákvarðanir sínar á grundvelli náttúruvísinda og þá sérstaklega vistfræði. Eflaust hefur tilkoma Evrópusamnings um landslag frá árinu 2000 haft áhrif. Þrátt fyrir að landslag hafi fengið sérstakt hlutverk í Náttúruverndaráætlun og Rammaáætlun, þá ríkti eftir sem áður ákveðin óvissa um hvernig skyldi vinna með þetta hugtak. Spurningar um hvernig leggja mætti mat á gildi landslags voru í brennidepli. Merking hugtaksins, sem felur í sér skörun hlutlægra og huglægra þátta, var allt í senn það sem gerði beitingu þess eftirsóknarverða – og vandasama.

Líta má á doktorsverkefni okkar beggja⁵ sem viðbrögð við þessum aðstæðum. Báðar tókumst við á hendur það verkefni að skýra merkingu landslagshugtaksins. Upphafspunktur þeirra rannsókna var annars vegar beiting hugtaksins í Náttúruverndaráætlun og hins vegar þróun aðferða við landslagsmat í Rammaáætlun. Hér er ekki ætlunin að rekja efnistöð og innihald doktorsritgerðanna, heldur að varpa ljósi á aðdraganda þeirra landslagsrannsókna sem hér eru til umfjöllunar. Hvor um sig komst að þeirri niðurstöðu að til þess að greina gildi landslags og merkingu hugtaksins væri nauðsynlegt að líta til reynslu fólks af landslagi. Sú fræðigrein sem helst hefur fengist við

⁴ Edda R. H. Waage, *The concept of landslag: Meanings and value for nature conservation* [doktorsritgerð], Reykjavík: Háskóli Íslands – líf- og umhverfisvísindadeild, 2013.

⁵ Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, *Icelandic landscapes: Beauty and the aesthetic in environmental decision-making* [doktorsritgerð], Reykjavík: Háskóli Íslands – sagnfræði- og heimspékideild, 2015. Edda R. H. Waage, *The concept of landslag*.

upplifanir og reynslu fólks er fyrirbærafræðin og leitunum við báðar fanga í þeim aðferðum sem þróaðar hafa verið meðal fyrirbærafræðinga.

Fyrirbærafræðin á rætur sínar innan heimspekinnar og var sett fram sem heildstæð fræðigrein í byrjun 20. aldarinnar af Edmund Husserl sem ætlaði henni það hlutverk að leggja traustari grunn að vísindalegri iðkun. Í meðförum Husserls leggur fyrirbærafræðin fræðilegan grundvöll að skilningi á reynslunni um leið og hún leggur grunn að ákveðinni aðferðafræði sem þjónar þeirri viðleitni. Þróun fyrirbærafræðinnar hefur haldið áfram allar götur síðan. Heimspekingar á borð við Martin Heidegger, Jean-Paul Sartre, Emmanuel Levinas, Simone de Beauvoir, Maurice Merleau-Ponty og Hannah Arendt,⁶ héldu uppi merkjum fyrirbærafræðinnar í leit að dýpri skilningi á mannlegri reynslu og fleiri hafa fylgt í kjölfarið. Innan félagsvísindanna hafa fræðimenn aftur á móti tekið upp aðferðafræði fyrirbærafræðinnar⁷ sem hefur nýst innan ýmissa fræðigreina þar sem leitast er við að skilja reynslu tiltekinna hópa.

Segja má að á vettvangi fyrirbærafræðinnar geti hugvísindi og félagsvísindi mæst, þótt algengara sé að hugvísindafólk og félagsvísindafólk vinni með fyrirbærafræðina hvort í sínu lagi. Í sinni ýktustu mynd vill það stundum verða svo að heimspekilegi fyrirbærafræðingurinn einblínir á abstrakt hugtakgreiningar en félagsvísindalegi fyrirbærafræðingurinn beitir aðferðunum án nægilega djúps skilnings á þeim hugtökum sem liggja þeim til grundvallar. Með því að leggja saman krafta beggja nálgana gefst hins vegar tækifæri til að tengja á djúpstæðari hátt á milli heimspekilegra hugtaka og viðfangsefna í samtímanum. Slík vinna auðgar bæði skilning á samfélagi manna og heimspekilegum viðfangsefnum. Það var einmitt þessi nálgun sem við báðar tileinkuðum okkur hvor í sínu lagi en með ólíkum hætti þó. Á meðan önnur okkar kynntist fyrirbærafræðinni sem heimspekilegri fræðigrein og leitaði í kjölfarið í eigindlega aðferðafræði, þá komst hin í kynni við fyrirbærafræðina í gegnum eigindlega aðferðafræði, sem leiddi hana inn á brautir heimspekilegrar fyrirbærafræði. Báðar áttuðum við okkur á nauðsyn þess að tengja þetta tvennt saman; að til að geta beitt aðferðafræði sem grundvallast á fyrirbærafræðilegum hugtökum er þörf á dýpri skilningi á þeim hugtökum; og að til að geta rannsakað upplifanir annars fólks, með það

⁶ Dan Zahavi, *Fyrirbærafræði*, þýð. Björn Þorsteinsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008.

⁷ Clark Moustakas, *Phenomenological Research Methods*, London: Sage, 1994. Karin Dahlberg, Helena Dahlberg, Maria Nyström, *Reflective lifeworld research*, Lund: Studentlitteratur, 2008.

að markmiði að dýpka skilning á hugtökum sem lýsa reynslu fólks, er styrkur í að hafa eiginlegar rannsóknaraðferðir á valdi sínu. Sem dæmi tók Guðbjörg til rannsóknar fagurferðilegar upplifanir fólks af mismunandi landslagsgerðum, til að öðlast skilning á þeirri merkingu og gildi sem landslag getur haft fyrir fólk.⁸ Edda aftur á móti leitaðist meðal annars við að skilja þá merkingu sem almenningur leggur í landslagshugtakið í gegnum lýsingar á reynslu þess og upplifun af landslagi.⁹ Þannig voru það bæði hin fyrirbærafræðilega nálgun og landslagshugtakið sem leiddu okkur saman. En þótt viðfangsefnið og aðferðafræðin sameinaði okkur, þá voru rannsóknirnar unnar í ólíkum tilgangi og gögnin greind út frá ólíkum fræðilegum sjónarhornum. Eftir að hafa lokið þessum rannsóknum höfum við hafið samstarf í anda umhverfishugvísindalegrar áherslu á þverfagleika.¹⁰ Hvor á sínum fræðilega sjónarhóli teljum við okkur auka við víðsýni okkar og getum þannig öðlast fjölbættari skilning á fyrirbærinu. Samstarf okkar kom til í tengslum við þróun aðferðafræði við landslagsmat innan 3. áfanga Rammaáætlunar. Frá þessum rannsóknum verður sagt nánar hér á eftir. Áður en að því kemur gefum við yfirlit um upphaf landslagsrannsókna á Íslandi og drögum upp mynd af þeim fræðilega vettvangi sem við stigum inn á.

Landslagsrannsóknir á Íslandi

Hér að framan var ýjað að því að það hafi reynst vandasamt að henda reiður á merkingu landslagshugtaksins og að sá óskýrleiki hafi bæði opnað leið fyrir huglæga þætti landslags í skipulagsáætlunum á borð við Rammaáætlun og Náttúruverndaráætlun, en um leið gert beitingu hugtaksins vandasama á sama vettvangi. Þegar gera á grein fyrir rannsóknum á landslagi hérlendis, stendur hin margræða merking hugtaksins skipulegri samantekt þar að lútandi einnig að einhverju leyti fyrir þrífum. Sú spurning vaknar hvort hér

⁸ Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, „Fagurfræðileg upplifun af íslensku landslagi: hvernig á að meta hið ómælanlega“, *Þjóðarspegillinn 2011: Rannsóknir í félagsvísindum XII – Félags- og mannvísindadeild – erindi flutt á ráðstefnu í október 2011*, ritstj. Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011, bls. 177-185.

⁹ Edda R. H. Waage, „Að rannsaka merkingu hugtaks: Landslag og upplifun almennings“, *Þjóðarspegillinn 2011: Rannsóknir í félagsvísindum XII – Félags- og mannvísindadeild – erindi flutt á ráðstefnu í október 2011*, ritstj. Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011, bls. 141-149.

¹⁰ Robert S. Emmett og David E. Nye, *The environmental humanities: A critical introduction*, Cambridge: MIT Press, 2017. Sjá einnig inngang að þessu þemahefti.

eigi að fjalla um rannsóknir sem beinast að efnislegum þáttum landslagsins, eða rannsóknir sem fjalla um hugmyndir fólks um landslag. Eða hvort hin skipulega samantekt eigi að ná yfir rannsóknir sem fjalla ýmist um efnislega eða huglæga þætti landslagsins, eða rannsóknir sem fjalla um hvort tveggja í senn. Það flækir einnig málið að landslag er ekki aðeins hugtak sem nær yfir tiltekinn veruleika, heldur er landslag einnig *segð* (e. *expression*, þ. *Ausdruck*), þ.e. orð sem vísar til þessa tiltekna veruleika.¹¹ Með öðrum orðum má gera greinarmun á orðinu sem tákna hugtakið og svo þess veruleika sem hugtakið vísar til. Í því felst að sá veruleiki sem tákna má með landslagshugtakinu er ekki nauðsynlega skilgreindur með orðinu landslag. Þannig mætti færa rök fyrir því að önnur hugtök deili þeirri merkingu sem landslagshugtakið hefur að geyma, eða að merking þeirra skarist að einhverju leyti við merkingu landslagshugtaksins, eins og til dæmis hugtökin *náttúra* og *umbverfi*. Í þessari samantekt einbeitum við okkur að rannsóknum sem nota orðið *landslag* sem meginhugtak og með vísan til landslags á Íslandi. Þar með þrengjum við rammann að vissu marki en eftir sem áður er um allfjölbreyttar rannsóknir að ræða þar sem orðið er ekki alltaf notað í sömu merkingu og ekki alltaf í sama samhengi.

Á þeim tímamótum í sögu náttúruverndar sem urðu hér á landi um aldamótin var landslag gert að viðfangi í skipulagsáætlunum. Þessi tímamót mörkuðu þannig ákveðið upphaf landslagsrannsókna á Íslandi. Þar með er ekki sagt að íslenskt landslag hafi ekki verið viðfangsefni fræðimanna áður. Nokkrir fræðimenn höfðu fjallað með heildstæðum hætti um landslag á Íslandi, með lögum lands og jarðfræði þess sem útgangspunkt.¹² Líklega má rekja aðdraganda þess að landslag var gert að viðfangi í skipulagsáætlunum til lagasetningar um mat á umhverfisáhrifum vorið 1993.¹³ Þar var framkvæmdaaðilum gert skylt að „tilgreina á viðeigandi hátt“ áhrif á landslag, þótt ekki hafi fylgt neinar leiðbeiningar um framkvæmd á slíku mati. Á upphafsárum slíks mats voru aðferðir við að meta áhrif á landslag mjög frum-

¹¹ Edmund Husserl, *Logical Investigations – vol. 1-2*, þýð. J.N. Findley, London: Routledge, 1970 (upprunalegt útgáfuár 1900-1901). Sjá einnig umfjöllun í Björn Þorsteinsson, „Messías á Íslandi“, *Hugur* 17/2005, bls. 108-117.

¹² Sjá t.d. Vincent H. Malmström, *A Regional Geography of Iceland*, Washington D.C.: National Academy of Sciences – National Research Council, 1958. Hubertus Preusser, *The Landscapes of Iceland: Types and Regions*, The Hague: Dr. W. Junk, 1976. Sigurður Þórarinnsson, „Physical geography of Iceland“, *Norden – Man and Environment*, ritstj. Uuno Varjo og Wolf Tietze, Berlin: Gebrüder Borntraeger, 1987, bls. 184-201, hér bls. 199.

¹³ Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

stæðar og vart hægt að tala um skipulega greiningu á landslagi í því samhengi.¹⁴ Með frekari þróun hófust hins vegar skipulegar greiningar og mat á landslagi meðal þeirra aðila sem unnu að mati á umhverfisáhrifum. Hafa þeir í huga að þessar úttektir voru fyrst og fremst unnar í hagnýtum tilgangi, en þar sem engar leiðbeiningar voru um hvernig þær skyldu unnar þá voru efnistöð fjölbreytt; stundum með vísan í erlendar aðferðir¹⁵ en í öðrum tilfellum var óljóst hvaða aðferðum hafði verið beitt.¹⁶

Með tilkomu Náttúruverndaráætlunar og Rammaáætlunar voru stigin skref í átt að því að útfæra aðferðir við mat á landslagi með nýjum hætti. Leiðandi á þeirri vegferð var Þóra Ellen Þórhallsdóttir, grasafraeðingur, en hún tók þátt í vinnu við hvort tveggja. Á vettvangi Rammaáætlunar voru þróaðar aðferðir sem miðuðu að flokkun íslensks landslags í megingerðir, á grundvelli sjónrænna og hlutlægra viðmiða. Í fyrsta áfanga, sem stóð yfir á árunum 1999-2003, var þróuð aðferð sem miðaði að því að flokka miðhálandi Íslands í megingerðir. Í tengslum við einstaka virkjanakosti var lagt mat á hin ýmsu viðföng í náttúrunni, þar á meðal landslag, þau vegin og metin út frá skilgreindum viðmiðum með svokallaðri AHP-aðferð.¹⁷ Samhliða þessu vann Þóra Ellen á öðrum vettvangi að þróun annars konar aðferða til að leggja mat á verðmæti landslags, meðal annars með því að skoða hugmyndir fólks og mat þess á mikilvægi landslags á Hengilsvæðinu.¹⁸ Þróun aðferðafræðinnar hélt áfram í öðrum áfanga Rammaáætlunar, sem stóð yfir á árunum 2004-2011, nú í samvinnu við Þorvarð Árnason, umhverfisfræðing.

¹⁴ Sjá t.d. Halldór Ármannsson, *Reykjanes: Forkömun vegna mats á umhverfisáhrifum*, Reykjavík: Orkustofnun, 1997.

¹⁵ Sjá t.d. Vegagerðin og Hönnun hf., *Reykjanesbraut - breikkun á milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur: mat á umhverfisáhrifum - tillaga að matsáætlun*, Reykjavík: Hönnun, 2000.

¹⁶ Sjá t.d. Albert Guðmundsson, *400 kV Sultartangalína 3 - Sultartangi - Brennimegur: mat á umhverfisáhrifum - matskýrsla*, Reykjavík: Landsvirkjun, 2002.

¹⁷ Þóra Ellen Þórhallsdóttir, „Environment and energy in Iceland: A comparative analysis of values and impacts“, *Environmental Impact Assessment Review* 27: 6/2007, bls. 522-544. Þóra Ellen Þórhallsdóttir, „Evaluating Nature and Wilderness in Iceland“, *Wilderness in the Circumpolar North: searching for compatibility in ecological, traditional and ecotourism values, 2001 May 15-16, Anchorage, AK, Proceedings RMRS-P-26*, ritstj. Alan E. Watson, Lilian Alessa og Janet Sproull, Ogden, UT: USDA Forest Service, 2002, bls. 96-104. Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, *Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar*, Reykjavík: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, 2003.

¹⁸ Þóra Ellen Þórhallsdóttir, *Gildi landslags á Hengilsvæðinu, einkum á heim svæðum sem til greina koma vegna orkuvinnslu* (unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur), Reykjavík: Líffræðistofnun Háskólans, 2002.

Lauk þeirri vinnu með skýrslu um sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni íslensks landslags sem kom út árið 2010.¹⁹ Markmið vinnunnar var tvíþætt: Annars vegar að fullvinna aðferðafræði fyrir flokkun náttúrulegs landslags og beita henni á landið allt, til þess meðal annars að meta fjölbreytni og fágæti tiltekinna landslagsgerða; og hins vegar að kanna viðhorf íslensks almennings til þeirra landslagsgerða sem um ræðir og mat fólks á verðmætum þeirra. Til stóð að þessi ólíku verkefni yrðu samþætt og að til samans myndu þau veita viðtækan skilning á gildi landslags á Íslandi. Hins vegar varð ekkert úr seinni hluta verkefnisins.²⁰ Í kjölfar annars áfanga benti faghópur I innan Rammaáætlunar aftur á móti á mikilvægi þess að mat yrði lagt á fagurfræðilegt, upplifunar- og tilfinningalegt gildi íslensks landslags og að rannsóknir skorti á þessu sviði.²¹ Í vinnu við Náttúruverndaráætlun, sem lauk árið 2003, vann Þóra Ellen aftur á móti að heildstæðri samantekt um einkenni íslensks landslags og stöðu landslagsverndar á Íslandi.²² Þar voru líka stigin skref í þróun aðferða til að meta verndargildi ýmissa viðfanga í náttúrunni, þar á meðal landslags. Sú aðferðafræði var unnin á grundvelli hugmynda um líffræðilega fjölbreytni en bar einnig svipmót af þeirri hlutbundnu nálgun sem þróuð var innan Rammaáætlunar.

Á sama tíma héldu þeir aðilar sem unnu að umhverfismati, verkfræðistofur fyrst og fremst, áfram að þróa sín efnistösk, bæði með vísan til erlendra aðferða sem og með hliðsjón af þeirri aðferðafræði sem var í þróun innan Rammaáætlunar. Árið 2005 vann Ólafur Árnason, umhverfisfræðingur, skýrslu um aðferðir við mat á landslagi að beiðni verkfræðistofunnar Línuhönnunar, Rannsóknarsjóðs Vegagerðarinnar, Landsvirkjunar og Landsnets.²³ Þar tekur hann saman yfirlit yfir helstu aðferðir sem notaðar höfðu verið erlendis við mat á landslagi, auk þess sem fjölbreyttur hópur fagfólks, ýmist frá opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða úr háskólasamfélaginu, var

¹⁹ Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir, *Íslenskt landslag: Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2010. Sjá einnig: Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði, *Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar*, Reykjavík: Höfundur, 2011.

²⁰ Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. *Íslenskt landslag*, bls. 45.

²¹ Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði, *Niðurstöður 2. áfanga Rammaáætlunar*, Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið, 2011, bls. 73.

²² Umhverfisstofnun, *Náttúruverndaráætlun 2004–2008: Aðferðafræði - Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*, Reykjavík: Umhverfisstofnun, 2003.

²³ Ólafur Árnason, *Aðferðir við mat á landslagi*, Reykjavík: Línuhönnun, 2005.

fenginn til að leggja mat á notagildi aðferðanna með tilliti til íslenskra aðstæðna. Í skýrslunni kemur fram mikilvægi þess að tekið sé mið af íslenskum aðstæðum og að þróaðar séu aðferðir sem miði við þær, fremur en að taka erlendar aðferðir beint upp. Í lokaorðum kemur fram að markmið samantektarinnar hafi verið að leggja grunn að næsta skrefi í því verkefni að þróa aðferðir fyrir íslenskar aðstæður. Árið 2010 kom Ólafur að vinnu við aðra skýrslu²⁴ að beiðni Orkusjóðs, Vegagerðarinnar, Landsnets, Landsvirkjunar, HS-Orku og OR þar sem samunburður var gerður á tveimur erlendum aðferðum við mat á áhrifum framkvæmda á landslag og sjónræna þætti. Í niðurstöðum þess verkefnis kemur fram það mat höfunda að þörf sé á ítarlegri upplýsingum um vægi mismunandi þátta, svo sem fjölbreytni og einsleitni, við mat á gildi landslags. Einnig kemur fram það mat að heppilegt væri að grunngreining og mat á gildi landslags væri framkvæmt á skipulagsstigi óháð einstökum framkvæmdum.

Það sem einkenndi einmitt þá þróun aðferða við mat á landslagi, sem varð á þessum fyrsta áratugi aldarinnar, var hversu bundin hún var við einstakar framkvæmdaáætlanir. Með því var þróun aðferðanna sniðinn þröngur stakur jafnt með tilliti til tíma og fjármagns. Um leið hefur mikil áhersla verið lögð á hið sjónræna og mælanlega. Líklegt má telja að menntun og bakgrunnur þeirra sem unnið hafa að landslagsmálum skipti máli í þessu samhengi. Annars vegar hefur aðkoma náttúruvísindafólks leitt til áherslu á hið mælanlega og hins vegar virðist aðkoma landslagsarkitekta og skipulagsfræðinga hafa leitt til áherslu á hið sjónræna. Frá aldamótum hafa til að mynda námskeið verið kennd við Landbúnaðarháskóla Íslands, lengst af með Auði Sveinsdóttur landslagsarkitekt í fararbroddi, þar sem erlendar aðferðir við greiningu á landslagi hafa verið kynntar. Sérstök áhersla hefur þar verið lögð á sjónræna þætti og sérstöðu svæða.²⁵ Segja má að á meðan landslagsarkitektar og verkfræðistofur hafi lagt áherslu á að taka upp erlendar aðferðir og laga þær að íslenskum aðstæðum, hafi fræðafólk innan Háskóla Íslands lagt meiri áherslu á að þróa eigin aðferðir, á grundvelli íslensks landslags en þó með hliðsjón af erlendum aðferðum.

Um svipað leyti, í byrjun aldarinnar, voru aðrir fræðimenn innan há-

²⁴ Ólafur Árnason, Rut Kristinsdóttir og Rannveig Ólafsdóttir, *Aðferðir við mat á áhrifum framkvæmda á landslag og sjónræna þætti – Samunburðarrannsókn*, Reykjavík: Efla-Verkfræðistofa, 2010.

²⁵ Auður Sveinsdóttir, *Landslagsgreining – staðareinkenni – verkferi til byggða- og atvinnuþróunar*, Bifröst og Reykjavík: Landbúnaðarháskóli Íslands og Skipulagsstofnun, 2014.

skólasamfélagsins, á sviði hug- og félagsvísinda, sem jafnframt sýndu landslagsmálum áhuga. Mikil gróska hafði verið í landslagsrannsóknnum meðal fræðimanna í Bretlandi, til dæmis í landfræði²⁶ og mannfræði²⁷ sem vakti áhuga íslenskra fræðimanna. Katrín Anna Lund, mannfræðingur, skrifaði doktorsritgerð við Háskólann í Manchester²⁸ um landslag, minningar og ferðamál. Er það líklega fyrsta doktorsverkefnið sem unnið er af Íslendingi sem fjallar á beinan hátt um landslag. Doktorsverkefni sitt vann Katrín á Spáni, en áherslur hennar í rannsóknnum á landslagi hafa einkum snúið að göngu sem rannsóknaraðferð, skynjun, hinu óhlutbundna og ósýnilega, svo sem hreyfingu, sögum og minningum sem búa í landslaginu, ýmist með dæmum frá Íslandi eða annars staðar frá.²⁹ Annar fræðimaður, Karl Benediktsson, landfræðingur, gerði landslag að viðfangsefni sínu þegar hann gagnrýndi árið 2007³⁰ það sem hann sá sem ótta mannvistarlandfræðinga og ýmissa annarra í félagsvísindum við að viðurkenna að fagurferðileg gildi skiptu raunverulega máli í umfjöllun um landslag. Þetta taldi hann afleiðingu af nýlega tilkomnum áherslum á landslag sem félagslega smíð. Hann taldi þörf á tungutaki sem leyfi samtal almennings og fræðimanna um hin hjartfólgnu fagurferðilegu gildi sem fólk skynjar í landslagi. Sem dæmi um þessa þörf tók hann umræðuna í kringum Kárahnjúkadeiluna til umfjöllunar. Rannsóknir Katrínar og Karls hafa ekki beinst að þróun aðferða-

²⁶ Denis E. Cosgrove, *Social formation and symbolic landscape*, Wisconsin: The University of Wisconsin Press, 1984.

²⁷ Tim Ingold, „The Temporality of the landscape“, *World Archaeology* 25: 2/1993, bls. 152-174. Christopher Tilley, *A Phenomenology of landscape*, Oxford: Berg Publishers, 1994.

²⁸ Katrín Anna Lund, *Landscape, Memory and Tourism in Southern Spain* [doktorsritgerð], University of Manchester, Department of Social Anthropology, 1998.

²⁹ Sjá t.d. Katrín Anna Lund, „Seeing in Motion and the Touching Eye: Walking over Scotland's Mountains“, *Ethnofoor* XVIII: 1/2005, bls. 27-42. Katrín Anna Lund og Anna Dóra Sæþórsdóttir, „Landslag á hreyfingu, langhlaup um Laugavegin“, *Landabréfið* 24/2008, bls. 39-50. Katrín Anna Lund, „Walking and Viewing: Narratives of Belonging in Southern Spain“, ritstj. Simon Coleman og Peter Collins, *Dislocating Anthropology? Basis of Longing and Belonging in the Analysis of Contemporary Societies*, Cambridge Scholar Press, 2011. Katrín Anna Lund, „Landscape and Narratives: Compositions and the Walking Body“, *Landscape Research* 37: 2/2012, bls. 225-236. Katrín Anna Lund, „Just Like Magic: Activating Landscape of Witchcraft and Sorcery in Rural Tourism, Iceland“, *The Changing World Religion Map: Sacred Places, Identities, Practices and Politics*, ritstj. Stanley D. Brunn, New York: Springer, 2015, bls. 167-182.

³⁰ Karl Benediktsson, „Scenophobia“, geography and the aesthetic politics of landscape“, *Geografiska Annaler: Series B*, 89: 3/2007, bls. 203-217.

fræði til að meta gildi landslags. Hins vegar veita skrif þeirra dýpri skilning á hugmyndinni um landslag sem getur gagnast við útfærslu slíkra aðferða. Árið 2010 ritstýrðu Karl og Katrín í sameiningu bókinni *Conversations with Landscape*³¹ þar sem íslenskir og erlendir höfundar fjalla um mismunandi þætti sem tengjast hinu óhlutbundna í landslagi út frá ólíkum fræðilegum sjónarhornum, m.a. bókmenntafræði, fornleifafræði, heimspeki, landfræði, mannfræði og myndlist.

Sé horft til háskólasamfélagsins má segja að á fyrsta áratug 21. aldar hafi landslagsrannsóknir á Íslandi einkennst annars vegar af hlutbundinni nálgun náttúruvísinda, einkum unnar í hagnýtu samhengi, og hins vegar af óhlutbundinni nálgun hug- og félagsvísinda, einkum unnar í akademísku samhengi, sem og skorti á samtali þar á milli. Í fyrri hópnum hafði hið fagurferðilega verið undanskilið þar sem ekki var hægt að fást við það á hlutbundinn hátt. Í þeim seinni var lítill gaumur gefinn þessum hugtökum, þótt vissulega gæti sú tegund landslagsupplifunar sem í sumum tilfellum var til umfjöllunar fallið undir víðari skilgreiningu á hinu fagurferðilega sem tekur mið af tilfinningum og tengslum en ekki bara hinu sjónræna.³²

Annars staðar í háskólasamfélaginu voru svipuð viðfangsefni til umfjöllunar en þó undir öðrum formerkjum. Náttúrusiðfræðin, með heimspekinginn Pál Skúlason³³ í fararbroddi, fjallaði um stöðu mannsins í náttúrunni og viðhorf til náttúrunnar. Fegurð náttúrunnar var samt ekki viðfangsefni náttúrusiðfræðinnar sem slík en vangaveltur um mótun viðhorfa til náttúrunnar kölluðu á hugleiðingar um fegurð. Fyrsti vísir að náttúrufagurfræðilegri umfjöllun hér á landi kom fram árið 1994 með útgáfu bókarinnar *Náttúrusýn* sem er safn greina ýmissa höfunda um ólík viðhorf til náttúrunnar. Þar var þó ekki fjallað um landslag með beinum hætti, heldur einungis minnst á hugtakið í tengslum við myndlist. Það stemmir einmitt við þá stöðu sem uppi var í náttúrufagurfræði erlendis, þar sem ekki var fjallað um landslag nema með tilvísun í nálganir sem einskorðast við hið sjónræna.³⁴

³¹ Karl Benediktsson og Katrín Anna Lund, ritstj., *Conversations with landscape*, Farnham: Ashgate, 2010.

³² Pessi þröngi skilningur á hinu fagurferðilega einkenndi ekki bara íslensku fræðimennina heldur líka erlenda fræðimenn sem fjölluðu um landslag á þessum nótum. Sjá t.d. John Wylie, „Depths and folds: on landscape and the gazing subject“, *Environment and Planning D: Society and Space* 24/2006, bls. 519-535.

³³ Páll Skúlason, *Umbverfing*, Reykjavík: Háskóli Íslands og Háskólaútgáfan, 1998. Páll Skúlason, *Náttúrurælingar: um stöðu mannsins í ríki náttúrunnar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2014.

³⁴ Sjá umfjöllun í Allen Carlson, *Aesthetics and the Environment: The appreciation of nat-*

Annar ritstjóra bókarinnar var Þorvarður Árnason, sem áður var vísað til. Í kafla sínum um náttúrufergurð³⁵ beindi hann sjónum sínum að íslenska landslagsmálverkinu og hvernig það hafði mótað náttúrusýn Íslendinga á fyrri hluta 20. aldar. Þorvarður lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Linköping árið 2005. Í doktorsritgerð³⁶ sinni fjallaði hann m.a. um hvernig viðhorf til náttúrunnar birtast í bókmenntaarfinum og íslenskri landslagsljósmyndun í byrjun 20. aldar. Einnig skoðaði hann umhverfisvitund Íslendinga í upphafi 21. aldarinnar þar sem m.a. kom fram hversu mikilvægt íslenskt landslag er sem þjóðartákn í hugum fólks. Þannig beinir Þorvarður með skrifum sínum athygli að mikilvægi huglægra þátta og fagurferðilegrar upplifunar þegar kemur að gildi náttúrunnar. Um svipað leyti hófst aðkoma hans að þróun aðferðafræði Rammaáætlunar. Ýmsir aðrir fræðimenn fjölluðu um upplifanir af náttúrunni og gildi hennar á þessum tíma. Þótt þær rannsóknir og greiningar hafi ekki snúist um landslag, þá höfðu þær án efa mótandi áhrif á þá orðræðu sem var í gerjun.³⁷

Með aðkomu ólíkra fræðimanna að samtali um gildi náttúrunnar skapaðist nýr farvegur fyrir þverfaglegar nálganir. Þetta er sá fræðilegi vettvangur sem við stígum inn á í doktorsrannsóknum okkar. Hvor í sínu lagi bárum við kennsl á ákveðna klemmu sem birtist í ónógum skilningi á tengslum fegurðar og landslags, bæði innan fræðanna og í hagnýtum rannsóknum. Í einni af rannsóknum Eddu í doktorsverkefnum var sjónum beint að því náttúruvísindafólki sem stóð að gerð Náttúruverndaráætlunar.³⁸ Niðurstöður

ure, art and architecture, New York: Routledge, 2000. Emily Brady, *Aesthetics of the Natural Environment*, Edinburgh: Edinburgh University Press, 2003.

³⁵ Þorvarður Árnason, „Náttúrufergurð“, *Náttúrusýn: safn greina um siðfræði og náttúru*, ritstj. Þorvarður Árnason og Róbert H. Haraldsson, Reykjavík: Háskóli Íslands og Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1994, bls. 263-283.

³⁶ Þorvarður Árnason, *Views of Nature and Environmental Concern in Iceland* [doktorsritgerð], Linköping: Linköpings universitet – Faculty of Arts and Science og Institutionen för Tema, 2005.

³⁷ Ólafur Páll Jónsson gerði að viðfangsefni sínu samband manns og náttúru og þau verðmæti og gildi sem því tengjast í bók sinni *Náttúra, vald og verðmæti*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007. Sigríður Þorgeirsdóttir fjallaði um upplifanir af náttúrunni og takmörkun sjónrænnar nálgunar í bókarkafnanum „Nature’s otherness and the limits of visual representations of nature“, *Art, ethics and environment: a free inquiry into the vulgarly received notion of nature*, ritstj. Ólafur Páll Jónsson og Æsa Sigurjónsdóttir, Cambridge: Cambridge Scholars Press, 2007, bls. 112-124. Gunnþóra Ólafsdóttir skrifaði doktorsritgerð í landfræði frá Háskólanum í Bristol þar sem hún fjallaði um upplifanir ferðamanna af íslenskri náttúru. *Relating to Nature: the Performative Spaces of Icelandic Tourism*, Bristol: University of Bristol, 2007.

³⁸ Edda R. H. Waage og Karl Benediktsson, „Perfoming expertise: landscape, govern-

Þeirrar rannsóknar leiddu í ljós að með sjálfum sér tengdu vísindamennirnir landslag við fegurð, en sökum skorts á verkfærum og tungumáli sem leyfir umfjöllun um fegurð í heimi náttúruvísindanna, áttu þeir erfitt með að beita landslagshugtakinu í þróun sinnar aðferðafræði. Nánar tiltekið fólu hugmyndir þeirra í sér þann skilning að gildi náttúrunnar séu annað hvort hlutlæg eða huglæg. Í doktorsverkefni Guðbjargar beitti hún hugmyndum fyrirbærafræðinnar til að leiða í ljós hvernig þessi aðgreining á sér í raun ekki stoð í veruleikanum, heldur séu mörkin á milli hins hlutlæga og þess huglæga óskýr. Í rannsókn sinni dregur hún upp mynd af því hvernig fræðileg umfjöllun um landslagshugtakið og saga fegurðarhugtaksins eru hvort um sig brennd marki þessarar tvíhyggju. Þetta vakti upp spurningar um tengsl þessara hugtaka og hvort hugmyndir um að fegurð sé annað hvort huglæg eða hlutlæg hafi á einhvern hátt mótað orðræðu um landslag, þar sem merking landslagshugtaksins virtist á vissan hátt vísa til fegurðar. Það voru slíkar hugleiðingar sem jafnframt urðu kveikjan að öðrum þræði innan doktorsverkefnis Eddu, þar sem hún leitaði annars vegar að elstu dæmum um notkun hugtaksins í íslenskum textum til að skilja merkingu þess til forna og skoðaði hins vegar hversdagslega merkingu hugtaksins í huga almennings. Niðurstöður þeirrar rannsóknar leiddu í ljós að fagurferðileg upplifun hefur alla tíð verið samofin landslagshugtakinu í íslensku tungumáli, þótt fleiri þræðir komi vissulega líka við sögu. Í doktorsverkefni Guðbjargar lagði hún í þessu ljósi áherslu á að til þess að skilja merkingu landslagshugtaksins væri nauðsynlegt að öðlast dýpri skilning á merkingu fegurðarhugtaksins. Í gegnum fyrirbærafræði franska heimspekingsins Maurice Merleau-Ponty dró hún upp mynd af fegurðarhugtakinu sem tengslahugtaki fyrst og fremst. Samkvæmt þessum skilningi vísar fegurðarhugtakið til þeirrar opunar sem á sér stað á milli vitundar og viðfangs í fegurðarupplifun. Fegurð er síst af öllu einungis sjónrænn eiginleiki hluta sem veldur ánægju, heldur lýsir hún þeim augnablikum þar sem athygli okkar er dregin að skynrænum eiginleikum (hvort sem þeir eru sjónrænir eða í formi hljóða, snertingar eða lyktar) á þann hátt að viss tegund opunar á sér stað. Þessi opnun felur í sér að við leyfum því sem við skynjum að vera og tökum á móti áhrifum þess á okkur í stað þess varpa eigin hugmyndum á það. Af þessum skilningi á fegurð leiðir að landslag er einnig fyrst og fremst tengslahugtak sem lýsir þessari samtvinnun vitundar og viðfangs, manns og umhverfis. Á þennan hátt áttu

mentality and conservation planning in Iceland“, *Journal of Environmental Policy and Planning* 12: 1/2010, bls. 1-22.

Þessar rannsóknir þátt í að skapa grundvöll fyrir annars konar samtali um landslag þar sem hægt er að ræða af alvöru um hina huglægu þætti þess, þ.e. upplifanir af fegurð. Þessi grundvöllur varð síðar til þess að faghópur I innan Rammaáætlunar, sem áður hafði bent á skort á rannsóknum á þessu sviði, leitaði til okkar til þess að vinna að áframhaldandi þróun aðferða við mat á landslagi út frá fagurfræðilegu, upplifunar- og tilfinningalegu gildi landslags.

Rannsókn á fagurfræðilegu gildi landslags

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir greinum við frá meginforsendum rannsóknar okkar fyrir Rammaáætlun um fagurfræðilegt gildi landslags.³⁹ Við veitum jafnframt innsýn í hluta af niðurstöðunum; drögum fram einn þátt sem einkennir fagurfræðilegt gildi þeirra svæða sem við skoðuðum, þátt sem við köllum *kraftur og kyrrð*. Í kjölfarið rýnum við í þá upplifun sem liggur þessum þætti hins fagurfræðilega gildis til grundvallar, í ljósi kenninga úr náttúrufræðilegu.

Hugtakalegur grunnur

Orðanotkun er ein vísbending um stöðu þeirrar þekkingar sem uppi er hverju sinni á málefnum er varða þróun aðferðafræði til að fjalla um landslag. Í fyrsta áfanga Rammaáætlunar var einkum vísað til sjónræns gildis landslagsins en jafnframt bent á mikilvægi þess að þróa aðferðir til að flokka það og meta. Í kjölfar annars áfanga var bent á að rannsóknir skorti á fagurfræðilegu, upplifunar- og tilfinningalegu gildi landslags. Þessi breyting á orðavali er til vitnis um vaxandi vitund þess efnis að gildi landslags sé ekki einungis fólgið í sjónrænum þáttum heldur komi fleira til. Þegar við hófum þátttöku í þróun aðferða við mat á landslagi innan Rammaáætlunar lögðum við til að notað yrði hugtakið *fagurfræðilegt gildi* landslags í stað fagurfræðilegt upplifunar- og tilfinningalegt gildi landslags. Þetta nýyrði er þannig tilkomið að þýðingin „fagurfræðilegt“ á enska orðinu „aesthetic“ þykir ranglega geta leitt til þeirrar hugmyndar að sú upplifun sem vísað er til sé á einhvern hátt fræðileg. Með því að taka upp orðin *fagurfræði* og *fagurfræðilegt gildi* er athygli beint að því að fræðasviðið fagurfræði fjallar um mat og upplifun fólks á fegurð og ljótleika (og öllu þar á milli), rétt eins og siðfræðin fjallar um

³⁹ Sjá nánari umfjöllun um rannsóknina í Edda R. H. Waage og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, *Fagurfræðilegt gildi landslags: Ábrifasvæði virkjanakosta við Hvamm í Þjórsá og Trölladyngju, Austurengjábver og Krýsuvík á Reykjanesskaga. Forrannsókn til greiningar og mats á gildi landslags, unnin fyrir faghóp I, 3. og 4. áfanga Rammaáætlunar*, Reykjavík: Háskóli Íslands og Rammaáætlun, 2019.

siðferði og siðferðileg gildi; mat og upplifun fólks á góðu og illu, eða réttu og röngu.⁴⁰ Með dýpri skilningi á fegurðarhugtakinu og þeirri upplifun sem það lýsir má jafnframt undanskilja orðin „upplifunar- og tilfinningalegt“, þar sem fegurð lýsir ákveðnum tengslum milli vitundar og viðfangs sem snerta bæði upplifun og tilfinningar.

Aukinn skilningur á landslagshugtakinu og tengslum þess við fegurð leiðir einnig til þróunar í efnistöku. Í okkar skilningi lýsir hugtakið landslag tengslum milli vitundar og viðfangs, rétt eins og fegurðarhugtakið. Það lýsir tengslum sem verða til í fagurferðilegri skynjun á hlutbundnum þáttum umhverfis.⁴¹ Þessi skilningur er í samræmi við skilgreiningu landslags eins og hún hljóðar í Evrópusamningi um landslag:

Landslag merkir svæði, eins og almenningur skynjar það, sem hefur ásynd og einkenni vegna náttúrulegra og/eða manngerðra þátta, og samspils þar á milli.⁴²

Skilgreining Evrópusamningsins á erindi hér, enda skrifuðu íslensk stjórnvöld undir samninginn árið 2012 og lýstu þannig yfir vilja sínum til að taka landslagsmál föstum tökum, hvað varðar verndun, nýtingu og skipulag þess. Þessi vilji stjórnvalda var staðfestur vorið 2019 þegar ríkisstjórnin samþykkti að Ísland myndi fullgilda samninginn.⁴³ Landslag var fyrst skilgreint í ís-

⁴⁰ Sjá nánari umfjöllun í Edda R. H. Waage og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, *Fagurferðilegt gildi landslags*, bls. 3-4 og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Vá! – Undrun, fegurð og ægifegurð í upplifun af íslenskri náttúru, *Náttúran í ljósaskiptunum*, ritstj. Björn Þorsteinsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016, bls. 143-168.

⁴¹ Sjá t.d. skilgreiningu Joachims Ritter á landslagi: Landslag er umhverfi skynjað fagurferðilega. „Landschaft. Zur Funktion des Ästhetischen in der modernen Gesellschaft“, *Subjectivität*, Frankfurt: Suhrkamp, 1989, bls. 141-63.

⁴² Við kjósum að nota þýðingu Skipulagsstofnunar, sem gerð var í athugasemd við Skipulagslög árið 2010 (sjá nánari umfjöllun um þýðingar á þessari skilgreiningu í Edda R. H. Waage, *The concept of landslag*, bls. 67), þar sem við teljum hana komast næst merkingu upprunalega textans á ensku. Í enskri útgáfu samningsins er skilgreiningin svohljóðandi: „Landscape” means an area, as perceived by people, whose character is the result of the action and interaction of natural and/or human factors“ Council of Europe, *Evrópusamningur um landslag*, *Safn Evrópusamninga – Nr. 176*, 2000, sótt 9. desember 2019 af <http://www.coe.int/en/web/landscape/text-of-the-european-landscape-convention>.

⁴³ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Utanríkisráðuneytið, „Ríkisstjórn Íslands samþykkir að Ísland fullgildi Landslagssamning Evrópu“, *stjornarradid.is*, 26. mars 2019, sótt 9. desember 2019 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/03/26/Rikisstjornin-samthykkir-ad-Island-fullgildi-Landslags-samning-Evropu/>.

lenskum lagatexta í Skipulagslögum árið 2010⁴⁴ og byggði sú skilgreining á Evrópusamningnum. Í Lögum um náttúruvernd frá árinu 2013⁴⁵ var önnur skilgreining á landslagi sett fram, sem er nánast bein þýðing á skilgreiningu Evrópusamningsins.

Skilgreining hugtaksins ein og sér dugir þó skammt ef beita á hugtakinu í skipulagsvinnu. Í almennum viðmiðum Evrópusamningsins er lögð áhersla á að ef marka eigi stefnu í landslagsmálum sé eitt af fyrstu skrefunum að afla yfirgripsmikillar þekkingar á landslagi:

Greining, lýsing og mat á landslagi er undanfari hvernar landslagsstefnu. Þetta felur í sér greiningu á sköpulagi landsins, fornleifafræðilegum, sögulegum, menningarlegum og náttúrulegum einkennum og tengslum þeirra, sem og greiningu á breytingum. Skynjun almennings á landslagi ætti líka að greina bæði frá sjónarhóli sögulegrar þróunar og mikilvægis hennar í núinu.⁴⁶

Líta má svo á að fagurferðilegt gildi landslags og merking þess verði til þegar öll þessi einkenni landslagsins verða að einni heild í reynslu og upplifun þeirra sem dvelja í landslaginu og því er það lykilatriði þegar kemur að mati á slíku gildi að skoða náð upplifanir fólks af landslagi þar sem hið hlutbundna og huglæga mætast.

Landslagshugtakið er tæki til að beita í ákvarðanatöku, tæki sem afhjúpar margþátta sögur landslagsins, hvort sem það er saga af mannlegum athöfnum eða náttúrufræðileg saga af athöfnum náttúrukraftanna. Á þann hátt getur það veitt yfirgripsmeiri yfirsýn yfir gildi náttúru og umhverfis en aðferðir hagfræðinnar eða náttúruvísindanna einar og sér. Í stað þess að einangra og aðskilja ólík viðföng gildis, gerir landslagshugtakið kleift að byggja upp heildstæðari nálgun, þar sem landslag innifelur öll þau mismunandi lög af sögum sem eru uppsprettur fagurferðilegrar skynjunar fólks á landinu og skapa þannig fagurferðilegt gildi landslags. Í Evrópusamningnum um landslag er í þessu samhengi lögð rík áhersla á rétt almennings til þátttöku í mati á gildi landslags og ákvarðanatöku um þróun þess.⁴⁷

⁴⁴ Skipulagslög nr. 123/2010.

⁴⁵ Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

⁴⁶ Council of Europe - Committee of Ministers. Recommendations of the Committee of Ministers to member states on the guidelines for the implementation of the European Landscape Convention, þýð. höf, 2008, Part I-General Principles, sótt 9. desember 2019 af <https://rm.coe.int/16802f80c9>.

⁴⁷ Sama rit.

Hvaða aðferðum skal beitt er útfærsluatriði aðildarlandanna, en ljóst er að mikilvægt er að þróa aðferðir sem geta fangað upplifanir almennings, heimamanna sem og ferðamanna, af landslagi og sem gera almenningi kleift að hugleiða og tjá sig um upplifanir sínar og tengsl við landslagið. Þannig má skapa grundvöll til þeirrar samræðu og samráðs við almenning um gildi landslags sem fjallað er um í Evrópusamningi um landslag. Þetta höfðum við í huga við útfærslu rannsóknarsniðs í rannsókninni.

Aðferðafræði

Markmið rannsóknarinnar var að prófa aðferðir sem gerðu kleift að fanga fagurferðilegt gildi landslags. Þau svæði sem við völdum til rannsóknarinnar voru tvö áhrifasvæði virkjanakosta sem voru til umfjöllunar í þriðja áfanga Rammaáætlunar: Annars vegar við Hvamm í Þjórsá og hins vegar við Trölladyngju, Austurengjahver og Krýsuvík á Reykjaneskaga. Aðferðirnar byggja á eigindlegri rannsóknarhefð og fyrirbærafræðilegri nálgun.⁴⁸ Í þessu felst það sjónarmið að leiðin til þekkingar á þeim hugmyndum og skilningi sem fólk leggur í líf sitt og umhverfi sé í gegnum þeirra eigin orð og athafnir, sem lýsa reynslu og upplifun. Almennt liggur sú forsenda til grundvallar eigindlegum rannsóknum að til að skilja tengsl fólks við umhverfi sitt, fari best á að nálgast það sem persónur í þeirra eigin aðstæðum. Af þessum ástæðum ákváðum við að rannsóknin færi fram á vettvangi rannsóknarsvæðanna.

Fyrsta skrefið fólst einfaldlega í því að fara sjálfar á vettvanginn til að kynnast svæðunum af eigin raun. Í kjölfarið tókum við viðtöl við staðkunnuga á svæðunum, hvort sem það var fólk sem bjó innan svæðis eða utan. Viðtölin fóru ýmist fram á heimili viðmælenda og/eða á göngu um svæði sem þeir völdu. Í framhaldinu fórum við með hóp fólks á hvort svæði um sig og leiddum það í gegnum fyrirfram ákveðna gönguleið, sem byggði á upplýsingum úr viðtölum við staðkunnuga og okkar eigin reynslu. Við fylgdumst með viðbrögðum fólks og athöfnum í landslaginu og tókum síðar viðtöl sem snerust um reynslu þess í ferðinni. Þau viðtöl fóru hins vegar fram í Reykjavík nokkrum dögum eftir ferðirnar.

Heilt á litið felur nálgunin í sér þá viðleitni að undanskilja okkar eigin hugmyndir og þekkingu í samskiptum við þátttakendur og að nálgast þá á

⁴⁸ Sjá t.d.: Steven J. Taylor og Robert Bogdan, *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resources* (3.útg.), New York: John Wiley & Sons, 1998; Steinar Kvale og Svend Brinkmann, *Interviews: Learning the crafts of qualitative research interviewing* (3.útg.), London: Thousand Oaks og Singapore: Sage, 2015; Keith F. Punch, *Introduction to Social Research: Quantitative and qualitative approaches* (3. útg.), London: Sage, 2014.

opinn hátt þannig að þeim gefist tækifæri til að draga fram þau atriði reynslu sinnar sem í þeirra huga voru mikilvægust. Sem sagt, að setja þeirra persónulegu upplifun og skynjun í forgrunn. Einnig felst í þessu það viðhorf að líta á þátttakendur í rannsókninni sem virka gerendur í þeirri þekkingarsköpun sem á sér stað, með því að hlusta eftir og byggja á þeirra eigin skilningi og mati á aðstæðum.⁴⁹ Í viðtölum er það til að mynda gert með því að skapa aðstæður og andrúmsloft trausts þar sem viðmælendur finna að á þá sé hlustað og að þeim sé óhætt að tjá sig um hvað sem er. Varðandi þetta atriði er rétt að benda á að viðfangsefni rannsóknarinnar er ekki auðvelt viðureignar í samtali, heldur krefst þess að viðmælandi opni sig gagnvart rannsakendum, bæði hvað varðar hugsanir sínar og tilfinningar, sem sumar hverjar eru mjög persónulegar. Slíkt umræðuefni er ekki hversdagslegt og því mátti gera ráð fyrir að viðmælendur væru margir hverjir að orða þessar hugsanir sínar og tilfinningar gagnvart landinu í fyrsta skipti. Til að efla virkni þátttakenda lögðum við áherslu á að hafa viðtalið opið, þ.e. að spyrja opinna spurninga, frekar en leiðandi. Þannig er viðmælendum gert kleift að tjá sig og fjalla um þá þætti í reynslunni sem eru þeim hugleiknastir, á eigin forsendum og með eigin orðum. Viðtölin voru einnig hálfstöðluð, sem felur í sér að viðmælendur höfðu tækifæri til að leiða samtalið, um leið og við gættum þess að viðtalið kæmi inn á alla þá þætti sem við töldum skipta máli fyrir rannsóknina.⁵⁰

Í ljósi þess skilnings að landslag lýsir tengslum manns og umhverfis litum við einnig á umhverfið sem geranda í gagnaöfluninni. Sú aðferð að taka viðtal á göngu er hugsuð í þessum anda og byggir á þeirri tengslaverufræðilegu sýn að til viðbótar því samtali sem á sér stað milli viðmælanda og rannsakanda, eigi vettvangur viðtalsins aukinheldur þátt í sköpun þeirrar þekkingar sem verður til í viðtalinu.⁵¹ Viðtölin við staðkunnuga fóru þannig fram að ef aðstæður buðu ekki upp á viðtal á göngu um svæði, sem hefði sérstaka merkingu fyrir viðkomandi, báðum við þá um að fara með okkur á slíkan stað í huganum. Umhverfið varð þannig hluti af viðtalinu, hvort sem gengið var um landið, horft á það út um eldhúsgluggann eða vísað til þess meðan á viðtalinu stóð. Þeir þættir sem við lögðum áherslu á að draga

⁴⁹ Steinar Kvale og Svend Brinkmann, *Interviews*.

⁵⁰ Sama rit.

⁵¹ Sjá Jon Anderson, „Talking whilst walking: a geographical archaeology of knowledge“ *Area* 36: 3/2004, bls. 254-261; Lotta Hultin, „On becoming a sociomaterial researcher: Exploring epistemological practices grounded in a relational, performative ontology“, *Information and Organization* 29/2019, bls. 91-104.

fram í viðtölunum voru: Hvernig viðmælendur notuðu svæðið; hvernig þeir kynntust því; hvernig viðmælendum liði á svæðinu/ hvaða tilfinningar þeir upplifðu þar; hvað það væri sem drægi þá á tiltekna staði; og hvað sé sérstakt við landslagið. Einnig hvaða merkingu landslagið á þessu tiltekna svæði hefði fyrir viðkomandi. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð orðrétt áður en kom að greiningu þeirra.

Greiningin var grunduð í gögnunum; hún byggir á aðferðum og nálgun grundaðrar kenningar,⁵² en í því felst að greiningarramminn verður til samhliða greiningunni. Þessi nálgun er mikilvægur þáttur í því að niðurstöðurnar endurspegli þá túlkun á gögnunum sem hrein aðleiðsla leiðir í ljós. Þ.e.a.s. frekar en að máta gögnin við fyrirframgefinn ramma fá gögnin að segja sína sögu. Í þessu samhengi lögðum við áherslu á að draga fram grunnþætti reynslu hvers og eins og leita þannig skilnings á grunnþáttum reynslunnar heilt yfir; að greina þann kjarna sem liggur upplifun og reynslu til grundvallar á þeim svæðum sem hér um ræðir. Verklagið við greiningu gagnanna var á þennan hátt marglaga. Í fyrsta lagi drógum við fram lýsingar á upplifunum af þeim náttúru- og menningarfyribærum sem nefnd voru í viðtölunum, í samræmi við hugmyndir fyribærafræðilegrar nálgunar um þátt skynjunar í upplifun.⁵³ Í öðru lagi drógum við fram ákveðin þemu, sem lýsa þeirri merkingu sem verður til í upplifun fólks af fyribærunum. Jafnframt leituðum við eftir öðrum þáttum, svo sem þekkingu og fyrirframhugmyndum, sem við töldum geta haft áhrif á hina fagurferðilegu upplifun.⁵⁴ Á þessum grundvelli greindum við ákveðna þætti sem einkenna hið fagurferðilega gildi á hvoru svæði, svo sem fjölbreytileika, fegurð, undrun, kyrrð, ægifegurð, kynngimagnaðan kraft, útsýni, tilfinningu fyrir frelsi og það að tilheyra náttúrunni. Einnig greindum við ávinning sem leiðir af þessu fagurferðilega gildi, þ.e. önnur gildi sem hafa beina tengingu við daglegt líf fólks, svo sem endurnærandi áhrif og útivistargildi.

Hér er ekki ætlunin að greina frá heildarniðurstöðum rannsóknarinnar heldur að draga fram valda þætti hins fagurferðilega gildis og fjalla um þá sérstaklega. Þessir þættir sem við fjöllum um komu fram á báðum svæðunum, en höfðu þó ólíka birtingarmynd. Við ætlum að skoða þá þætti sem snúa að upplifun af krafti og kyrrð og rýna sérstaklega í hlutverk ímyndunar- afliesins í slíkum upplifunum.

⁵² Anselm Strauss og Juliet M. Corbin, *Grounded theory in practice*, London: Sage, 1998.

⁵³ Clark Moustakas, *Phenomenological research methods*, London: Sage, 1994.

⁵⁴ Hugbúnaðurinn Atlas.ti var notaður til að halda utan um og samþætta lyklu.

Kraftur og kyrrð

Á báðum rannsóknarsvæðunum, við Þjórsá og á Reykjanesskaga, léku náttúruöflin sjálf, jökuláin annars vegar og ummerki eldvirkni hins vegar, lykilhlutverk í upplifun fólks af landslaginu. Þetta kom berlega í ljós þar sem lýsingar fólks á hugmyndum sínum og upplifunum snerust að miklu leyti um þessi náttúrufyrirbæri. Í rannsókninni við Þjórsá leiddi greiningin í ljós að áin var í aðalhlutverki, hvort sem það tengdist útsýni, hljóðum eða því að dvelja við árbakkann. Á Reykjanesskaga voru það hins vegar ýmis náttúrufyrirbæri sem orðið hafa til vegna eldvirkni og landreks, svo sem hraun, hellar, gjár, jarðskjálftar, hálsar og hverir. Það vakti sérstaka athygli okkar að þrátt fyrir ólíka náttúru svæðanna, þá voru ákveðnir þættir hins fagurferðilega gildis sameiginlegir, til dæmis upplifun af krafti og kyrrð sem oft virtist fara saman. Við Þjórsá til að mynda lýstu margir sterkri upplifun af krafti árinna sem á sama tíma framkallaði innri kyrrð með viðkomandi. Á Reykjanesskaga aftur á móti lýstu margir upplifun af því að skynja ógnarkrafta þeirra náttúruafla sem hafa mótað landslagið, og hvernig þeir geti á hverri stundu vaknað aftur, en um leið að upplifa mikla kyrrð í náttúrunni. Vísuðu sumir til slíkrar upplifunar með orðunum *kynnigimagnaður kraftur*. Í ljósi þess hversu fyrirferðarmikill þessi þáttur var á báðum svæðunum, teljum við að hann verðskuldi nánari skoðun. Hér á eftir sýnum við með nokkrum dæmum hvernig þessi þáttur birtist í orðum viðmælenda. Til að skilja betur eðli og tilurð þessarar upplifunar rýnum við í orð þeirra í gegnum kenningar um ímyndunaraflið og ægifygurð.

Við Þjórsá lýstu bæði viðmælendur úr hópi staðkunnugra og gesta upplifunum sínum af nálægð við ána. Þau sem höfðu alist upp við Þjórsárbakka lýstu því hvernig kraftur árinna hafði vakið með þeim ákveðinn ótta þegar þau voru börn og hjá sumum hafði hún jafnvel verið bannsvæði. Sumir rifjuðu upp sögur af sér eða forfeðrum sínum þegar farið hafði verið yfir ána og það sem einkenndi allar sögurnar var yfirvofandi hættan sem skapaðist af kraftmiklum straumnum í Þjórsá.

Aðrir úr hópi staðkunnugra lýstu þessum krafti í ánni sem uppsprettu jákvæðrar upplifunar þar sem óttablandin tilfinning gagnvart kraftinum í ánni gerði landslagið jafnframt tilkomumikið:

Mér finnst þetta tilkomumikið landslag og sjáiði hreyfinguna í ánni. Hún er allt að því scary núna. Eða hún er mjög scary. Ef þú dettur í hana þá áttu ekki neina von.

Annar viðmælandi talaði um að hrífast af kraftinum í ánni á gönguferðum sínum með árbökkunum og aðspurð hvað það væri sem heillaði sagði hún:

Það er einhver svona hrifning af því sem að getur verið eyðileggjandi, en ég er samt örugg, líka einhver svona hringrásartilfinning, þetta fer framhjá og kemur aftur.

Fleiri viðmælendur sögðu frá svipaðri upplifun, að finna fyrir krafti og stærð jökulfljótsins Þjórsár og að finna í gegnum nálægð við þessa eiginleika dýpri merkingu í lífinu. Þannig sagði einn viðmælandi:

Hún heldur alltaf áfram – þetta er bara svona endalaust. Það verður að vera þannig, þess vegna má það ekki enda. Lífið einhvern veginn streymir fram eins og á. Þó hún fari alla leið til sjávar þá heldur hún alltaf áfram að koma. Það er svo merkilegt við þessa á. Og þetta endalaus vatn. Það kemur bara meira og meira, úr jöklinum. Sem er svo stórkostlegt. Af því þetta er svo stórt.

Þarna líkir viðkomandi ánni við lífið sjálft. Annar viðmælandi líkti ánni hins vegar við lifandi líkama:

Ár og lækir eru æðakerfið, þær eru blóðæðar jarðarinnar. Og, já. Þjórsá er ein af þeim.

Og bætti við:

Ef ég sest niður þarna við ána, þá bara hellist yfir mig bara svona kyrrðar- og friðartilfinning.

Fleiri viðmælendur lýstu sömu kyrrðar- og friðartilfinningu og nefndu hvernig það að geta gengið með ánni, notið fagurs útsýnis sem breytist með árstíðunum, hlustað á hljóðin og fylgst með fuglalífi hefði afslappandi og endurnærandi áhrif.

Þessi mynd sem dregin var upp af nálægð við ána í viðtölum okkar við staðkunnuga, varð enn skýrari þegar við fylgdumst með viðbrögðum gesta í návígi við Þjórsá. Á einum af þeim stöðum sem við stoppuðum á í ferðinni rísa hraunklettar nokkrir saman rétt við árbakkann og mynda sín á milli eins konar kvos. Á loftmynd af þessum stað má glöggst sjá hvernig áin hefur brotið sig í gegnum hraunhelluna þar sem fyrirstaðan í hrauninu hefur verið minnst. Áin kvíslast einnig á þessum stað beggja vegna við eyjuna Ölmóðsey. Þessi fyrirstaða í árfarvegnum, samhliða falli árinna niður flúðir, magnar

upp kraft hennar. Árdrunurnar sem þarna myndast berast langar leiðir. Við gengum með gestunum inn í kvosina. Þarna var fjölbreyttur gróður sem myndaði andstæðu við hraunið og beljandi jökulfljótið. Á árbakkanum innan þessarar kvosar myndar hraunið eins konar skjólveggi, sem bjóða upp á að maður halli sér upp að þeim og horfi yfir þá beint ofan í árflauminn. Þetta sjónarhorn skapaði sterk hughrif meðal viðmælenda. Einn þeirra lýsti upplifun sinni með þessum orðum:

Sko, mér fannst hérna áin, það kemur manni svona kannski alltaf svolítið skemmtilega á óvart, hvað vatn er fallett – við gróna jörð. Og í raun og veru hvað þetta er svona, sko beljandi, og þetta hyl-dýpi skiljið þið, ef maður myndi detta í þetta, maður bara mætti þakka sínum sæla fyrir að komast upp, því þetta er svo mikið fljót. En hvernig getur verið svona fallett í kringum og friðsælt, mér fannst það ótrúlega skemmtilegt.

Þarna fáum við innsýn í hvað getur farið í gegnum huga fólks þegar það fær tækifæri til að staðnæmast á öruggum stað og horfast í augu við hrikaleika náttúrunnar. En á sama tíma og fólk upplifði þennan ógnandi kraft árinna þá skynjaði það mikla kyrrð í náttúrunni. Annar viðmælendi komst svona að orði:

Kyrrðin á móti árniðnum. Það kom svo sterkt saman ... Þá fannst mér svona, þá datt maður þarna niður í eitthvað svona, aðra veröld, eða eitthvað.

Andstæðurnar í umhverfinu virtust kalla fram mjög einbeitta skynjun sem beindist ýmist að hljóðum í náttúrunni eða því sýnilega.

Á Reykjanesskaga var það ekki bara eitt náttúrufyrirbæri heldur fjölmörg sem kölluðu fram upplifun af krafti náttúrunnar. Einn viðmælenda í hópi staðkunnugra nefndi Hrótagjá og lýsti tengslum sínum við staðinn svo:

Það er ... staður sem að hefur haft svona gríðarleg áhrif á mig, það er hérna Hrótagjárdyngja, Hrótagjá, þarna nyrst í Móhálsadal. Þetta er alveg svona kynngimagnaður kraftur yfir þessum stað. ... Þetta er bara eitthvað sem maður finnur. ... Maður upplifir þarna einhvern svona kynngimagnaðan kraft og alveg ofboðslega kyrrð.

Annar viðmælendi nefndi einnig Hrótagjá sérstaklega í þessu samhengi og af lýsingum beggja er ljóst að náttúruöflin sem höfðu skapað gjárnar voru þeim

sérstaklega hugleikin, „þessi kynngimagnaði kraftur“ sem hefur lyft landinu, „teygt og togað“ á hrauninu og reist heilu hraunhellurnar upp á endann. Það að vera á staðnum kallar fram hugrenningar um atburðarásina sem leiddi af sér þessi fyrirbæri. Einhver þekking á jarðfræði skiptir augljóslega máli í þessu samhengi:

Þetta er gömul gosdyngja ... hraunin úr henni hafa myndað hérna landið á milli Straumsvíkur og Vatnsleysustrandar, öll þessi svæði hérna. Sko, eftir að hún hættir að gjósa fyrir einhverjum fimm-þúsund árum þá treður kvika sér undir hana en nær ekki að brjótast upp þannig að það myndast svona gríðarlegur þrýstingur. Þú getur séð það á brúnunum á henni [Hrútagjá] hvað hún hefur risið hátt.

Þeir sem höfðu komið í hella á Reykjanesskaga lýstu hvernig svipaðar hugleiðingar um tilurð náttúruyrirbæranna höfðu leitt af sér sterkar upplifanir, ekki síst í þeim tilfellum þegar bein reynsla af sömu kröftum lá upplifuninni til grundvallar:

Þetta er einhvers konar svona lotning gagnvart þessum stórbrotnu öflum sem að skópu þetta. Og líka þegar maður hefur upplifað að standa frammi fyrir glóandi hrauni - þegar maður er að labba þessi hraun þá sér maður þetta einhvern veginn fyrir sér þegar þetta var að renna þarna. Maður ímyndar sér þegar þetta var að myndast, þegar maður er niðri í hellunum og horfir á bálkana og rennsliförin þegar hraunelfan hefur verið að renna eftir göngunum. Sko maður sér þetta einhvern veginn fyrir sér og þetta er einhvern veginn - já - svona einhverskonar lotning held ég bara. Svona stundum óttablandin jafnvel, eins og þegar maður er uppi á jöklunum og horfir niður í hlydjúpar sprungurnar.

Þessi kraftur hafði einnig birst viðmælendum í jarðhræringum sem orðið hafa á Reykjanesskaga. Sumir staðkunnugir ræddu sérstaklega um jarðskjálfta sem gera kleift að upplifa með beinum hætti mótun landsins. Einn þeirra lýsti upplifun sinni af ummerkjum rétt eftir jarðskjálfta:

Af því ég þekki landslagið svo vel að þá sá ég nákvæmlega hvaða grjótt höfðu hreyfst úr stað einhvern veginn. Vá! Mér fannst það svolítið mikið magnað. Það hafði rífað jörðin, þú veist, það var svona rífa í jörðina og það var hérna, steinar sem höfðu oltið til og þá er maður bara svona, vó!

Í tengslum við þessa krafta töluðu ýmsir um að landið væri lifandi. Svæði sem oft var vísað til með þessum hætti voru hálsarnir tveir, Sveifluháls og Núpshlíðarháls, stundum nefndir Móhálsar.

Í kringum hálsana, ég veit að þar er allt skjálfandi, þá er það bara þessi tilfinning að vera að labba í umhverfi sem maður veit að er alltaf á hreyfingu. ... Það var einhvern tíma jarðfræðingur sem sagði mér það að þetta svæði þarna – fyrir ofan Seltún og við Ketilstíginn, við Arnarvatnið og þar, að þetta er eins og magi. Gengur upp og niður, bara svona reglulega. Þú veist, á svona jarðfræðilegan mælikvarða, þá er þetta bara eins og maður að anda. Hann fari kannski aðeins hægar heldur en menn, mér finnst það alveg magnað sko.

Annar lýsti upplifun sinni af Sveifluhálsi með þessum hætti:

Þarna uppi á hálsinum þá ertu bara kominn inn í eitthvað svona hálandislandslag eins og þú sért bara komin vestur undir Vatnajökul eða eitthvað. ... Og þessar móbergsmyndanir, þetta veðursorfna móberg þetta er allt svo tröllslegt og maður upplifir bara svona smæð sína í þessari náttúru. Og að upplifa svona öræfakýrð, svona stutt frá byggð ... þar sem þú sérð engin ummerki eftir manninn, það eru engin mannvirki þarna.

Þær upplifanir sem hér er lýst að framan snúast um náttúruyfyrirbæri þar sem náttúrukraftarnir hafa ekki stöðuga og sýnilega virkni á yfirborðinu. Öðruvísi háttar um önnur náttúruyfyrirbæri á Reykjaneskaganum, þ.e. hverasvæðin. Dæmi um upplifun af þeim sýna hvernig birtingarmynd þeirra vekur upp forvitni um þá ferla sem eru að verki:

Nú heyrir maður bubblið – bubbl, bubbl – sjáiði þennan þarna! ... Ógeðslega flottur, sjáðu ... Svaka stór hola ... Hérna hefur maður á tilfinningunni að það gæti bara farið að gerast eitthvað undir fótunum á okkur ... Bara það, maður getur ímyndað sér hvað það er stutt í hitann bara undir hérna. Hvað er það sem lætur þetta sjóða, bubbla bara? Það, mér finnst það alveg magnað sko. Hvað veldur þessu? Hugsa sér að það skuli ekki vera lengra í það en það, hérna bubblar bara og sýður allt.

Það sem tilvitnanirnar hér að ofan eiga sameiginlegt er að þær koma allar frá staðkunnugum úr viðmælendahópnum. Margir þeirra höfðu vegna áhuga

síns á Reykjanesskaga lagt sig sérstaklega eftir að kynna sér jarðfræði skagans. Til samanburðar er því fróðlegt að skoða upplifun gestanna sem fæstir höfðu komið á þessar slóðir Reykjanesskagans og vissu lítið um jarðfræði hans. Slík skoðun leiðir í ljós að einu dæmin sem komu upp meðal gesta, um sterka upplifun af náttúrukröftunum var á hverasvæðunum, þ.e. þar sem bein skynjun lá upplifuninni til grundvallar. Til að mynda sagði einn viðmælenda þetta um Austurengjahver að ferðinni lokinni:

[Maður] finnur svo mikið fyrir hvað móðir náttúra er öflug. Það er einhver kraftur frá svona stöðum. Alveg sérstaklega mikill. Svona, hiti og vatn, sem er svona gríðarlega óstöðvandi og brýst fram bara af svo miklu afli, mér finnst það svakalega heillandi. Og yfirleitt á þetta einhver upptök, eins og vatn á einhver upptök einhvers staðar. Maður hugsar svo miklu lengra heldur en bara á þennan eina stað, sem maður er, mér finnst það líka vera þannig með hitann. Það er eitthvað ofsalega mikið magnað við það að koma á svona jarðhitasvæði. Þar sem ólgar svona, mér fannst Austurengjahver. ... bæði svakalega fallegur og svo er svo víða í honum sem að ólgar svona upp, þetta er svo víða sem að er uppstreymi í honum, en mér finnst hann alveg ofsalega magnaður, mér finnst hann alveg svakalega fallegur og áhugaverður.

Annar viðmælandi velti einnig kröftunum við Austurengjahver fyrir sér og ímyndaði sér hvað gæti gerst ef hún stigi feilspor á hverasvæðinu.

Stærsta hverasvæðið sem við gengum um í ferðinni voru Sogin, sem jafnframt var eina hverasvæðið sem er svo til kulnað. Virkni á yfirborðinu er ekki sýnileg, en litadýrð hverasvæðisins, stærð þess og formin í umhverfinu, gripu athygli fólks og vöktu með því forvitni. Það virtist þó ekki vera sem þessir þættir einir og sér kölluðu fram upplifun af kröftum náttúrunnar. Vangaveltur sumra gesta um örnefnið „Sogin“ og tilgátur um tilurð þess, leiddu aftur á móti til þess að við sögðum þeim það sem við vissum um jarðfræði þessa náttúruyfyrirbæris. Sú þekking hafði greinilega mótandi áhrif á upplifun eins gestanna:

Mér fannst svolítið áhugaverð þessi skýring á nafninu ... mjög gaman að fá svona skýringar og það er oft þannig að svona nöfn sko, þau eru bara augljós þegar manni er sagt það. ... Á svona stöðum er þessi mikla litadýrð sem að er svo heillandi. – Og bara, náttúrulega finnur svo mikið fyrir hvað, móðir náttúra er öflug. Það er einhver kraftur frá svona stöðum. Alveg sérstaklega mikill.

Samspil skynjunar og ímyndunarafis í upplifun af krafti og kyrrð

Nú þegar við höfum lýst innihaldi þeirrar reynslu sem við drógum fram í greiningu á viðtölum okkar við þátttakendur í rannsókninni, þá sérstaklega með tilliti til þeirra þátta hins fagurferðilega gildis landslags sem við nefnum *kraftur* og *kyrrð*, er tilefni til að skoða þessar lýsingar og greina þá formgerð sem einkennir reynsluna; þ.e. þá þætti sem liggja henni til grundvallar sem og samspil þeirra þátta.

Í dæmunum hér að framan má sjá hvernig reynslan byggir á ákveðinni líkamlegri skynjun. Viðmælendur töluðu um að sjá hreyfinguna í vatninu, litadýrðina í hverunum, heyra beljandann í ánni og að fara um hella og hraun. Það að hreyfa sig í landslaginu, snerta, heyra og sjá; það að vera í landslaginu, að verða samofinn umhverfinu, er einmitt eitt megineinkenni fagurferðilegrar upplifunar af landslagi. Meðal náttúrufagurfræðinga hefur Arnold Berleant verið einn þeirra sem leggja megináherslu á þátt skynjunar í fagurferðilegri upplifun. Í þessu samhengi fjallar hann um hvernig öll vera manns, líkami og vitund, eins og sekkur inn í það sem skynjað er. Í fagurferðilegum augnablikum felst þannig „skynrænt ástand sem er ákaflega virkt og hefur vitrænar, tilfinningalegar og líkamlegar víddir“.⁵⁵ Þetta ástand nefnir Berleant fagurferðileg tengsl (e. *aesthetic engagement*).

Af dæmunum hér að framan má líka ráða að skynjunin er ekki ein að verki í upplifun viðmælenda, heldur öðlast upplifunin merkingu fyrir tilstilli ímyndunarafisins. Innan náttúrufagurfræði hefur nokkuð ítarlega verið fjallað um þátt ímyndunarafisins í fagurferðilegri upplifun (e. *aesthetic appreciation*). Emily Brady gerir til dæmis ímyndunarafinu hátt undir höfði í sinni kenningu um náttúrufagurfræði, en að hennar mati leika bæði skynjun og ímyndunarafi lykilhlutverk í mótun fagurferðilegrar upplifunar í náttúru. Brady telur að til þess að skilja grunnþætti fagurferðilegrar upplifunar þörfnumst við nálgunar sem skýrir hvernig bæði vitund og viðfang leggja sitt af mörkum við mótun hins fagurferðilega viðbragðs. Með því að leggja áherslu á hvernig færni okkar til skynjunar og ímyndunarafis leggur grunn að fagurferðilegri upplifun undirstrikar hún hvernig vitund og viðfang vinna og tvinnast saman í upplifun okkar af náttúrunni.⁵⁶

⁵⁵ Arnold Berleant, „On Judging Scenic Beauty“, *Aesthetic Culture: Essays in Honour of Yrjö Sepänmaa*, ritstj. Seppo Knuuttila, Erkki Sevänen og Risto Turunen, Helsinki: Maahenki, 2007, bls. 57–75, hér bls. 59. Sjá einnig nánari umfjöllun um Berleant og fleiri náttúrufagurfræðinga í grein Guðbjargar R. Jóhannesdóttur, „Fagurfræði náttúrunnar: Vitræn skynjun og skynræn þekking“, *Hugur* 22/2010, bls. 29–42.

⁵⁶ Emily Brady, „Imagination and the Aesthetic Appreciation of Nature“, *Journal of Aesthetics & Art Criticism* 56: 2/1998, bls. 139–147, hér bls. 142.

Samkvæmt Brady hefst hið fagurferðilega viðbragð á þætti skynjunar: „Upplifun mín af fagurferðilegum eiginleikum stýrist af því sem ég skynja, en hverju ég vel að beina upplifun minni að mótast að einhverju leyti af því hversu mikið ég legg á mig til að virkja hæfni mína til skynjunar.“⁵⁷ Þessi hæfni til skynjunar, sem einkennist af náinni og einbeittri skynrænni athygli og opnun, er að mati Bradys nátengd ímyndunaraflinu.

Brady ber kennsl á mismunandi virkni ímyndunaraflsins í upplifun af náttúru. Í fyrsta lagi virkni sem felur í sér að ímyndunaraflinu sé beitt til könnunar (e. *exploratory imagination*). Með því á hún við að ímyndunaraflið fylgi eftir skynjun á hlutbundnum eiginleikum fyrirbæris og kanni þessa eiginleika nánar með tilliti til hugrenningatengsla, til dæmis þegar skynjun á hlutbundnum eiginleika eins og trjáberki kallar fram ímynd gamallar manneskju og þar af leiðandi virðingu fyrir trénu, rétt eins og það að vera gamall framkallar alla jafna virðingu meðal fólks. Í öðru lagi virkni sem felur í sér að ímyndunaraflinu sé beitt til að varpa þekktu samhengi yfir á það sem skynjað er (e. *projective imagination*). Eins og þegar ímynd geómetriskra forma er varpað á stjörnuhimin, eða þegar skynjun og skilningur á eiginleikum lítills fjallablóms dýpkar við það að ímynda sér þær aðstæður sem það hefur vaxið í. Í þriðja lagi að ímyndunaraflið magni upp skynjunina (e. *ampliative imagination*), með því að kalla fram forvitni og getgátur um þá ferla sem mótað hafa það fyrirbæri sem skynjað er, eða það er hluti af. Til dæmis með því að ímynda sér þá ferla sem hafa mótað sjávarbarna steinvölu. Í fjórða lagi að ímyndunaraflið leiði til hugljómunar (e. *revelatory imagination*). Þessa virkni ímyndunaraflsins leiðir oft af þeirri virkni sem snýr að mögnun skynjunarinnar, til dæmis á þann hátt að ímynd af jöklinum sem svarf dalinn sem við skynjum leiði til hugljómunar um feikilega krafta náttúrunnar. Þessi fjórþætta virkni ímyndunaraflsins, auk hæfni okkar til skynjunar, mótar það hvernig við upplifum náttúruna fagurferðilega. Hlutur ímyndunaraflsins er mismikill í fagurferðilegum upplifunum. Í sumum tilfellum koma allir þættir þessarar virkni við sögu, en í öðrum jafnvel einn þeirra.⁵⁸

Dæmi um innihaldsmikla fagurferðilega upplifun sem Brady myndi fella undir hugljómunarvirkni ímyndunaraflsins er það sem náttúruvafurfræðingurinn Ronald Hepburn kallar frumspekilegt ímyndunarafl.⁵⁹ Með því vísar hann til þess þáttar fagurferðilegrar upplifunar sem snýr að því að skynja það

⁵⁷ Sama rit, bls. 142.

⁵⁸ Sama rit, bls. 143.

⁵⁹ Ronald W. Hepburn, „Landscape and the metaphysical imagination“, *Environmental Values* 5: 3/1996, bls. 191-204.

sem ber fyrir vitundina í stærra samhengi, til dæmis að skynja stjörnuþjartan himin *sem* alheiminn allan og tilfinningu fyrir eigin smæð í alheiminum.⁶⁰

Skoðum nánar dæmin hér að ofan í þessu ljósi. Þegar viðmælandinn beinir athygli okkar að hljóðum í einum hveranna og því hversu djúpur hann er, og fer síðan í framhaldinu að ímynda sér hversu stutt er í þann jarðhita sem framkallar eiginleika hvera á yfirborðinu, sjáum við dæmi um þegar ímyndaraflinu er beitt til könnunar. Hljóðin og sú ásýnd sem skynjuð eru vekja upp ákveðin hugrenningatengsl sem leiða til umhugsunar um það sem ekki sést.

Þegar annar viðmælandi líkir Sveifluhálsi við hálendið vestan Vatnajökuls og þá öræfakyrrið sem þar er að finna, sjáum við aftur á móti dæmi um það þegar þekktu samhengi er varpað á það sem skynjað er, í þeim tilgangi að staðfesta fyrir sjálfum sér eiginleika þess og gildi. Gildi hálendisins eru þekkt og viðurkennd og það að heimfæra þau á Sveifluhálsinn gefur honum dýpri merkingu og aukið gildi. Sambærilegt dæmi sem líka tengist Sveifluhálsinum er þegar viðmælandi lýsir umhverfi Móhalsanna og gefur svæðinu dýpri merkingu með því að líkja því við líkama; maga sem þenst út og inn við öndun. Að bera saman í huganum tímaskala mannlíkama og jarðarlíkama, undirstrikar þá staðreynd að jörðin er á sífellndri hreyfingu þótt það sjáist ekki með berum augum. Sambærilegt dæmi er þegar viðmælendur við Þjórsá líktu ánni annars vegar við lífið sjálft, það hvernig hún streymir fram endalaust, og hins vegar við æðakerfi líkamans. Með þessum samlíkingum fær áin dýpri merkingu sem tákni fyrir hringrás lífsins á jörðinni og sem hluti af og jafnvel undirstaða stærri heildar.

Þegar viðmælandi lýsti hvernig upplifun hennar af ólgunni og uppstreyminu í Austurengjahver, leiddi huga hennar að upptökum þessa vatns og jarðhitans, þá sjáum við dæmi um hvernig ímyndunaraflað magnar upp skynjunina sjálfa með því að kalla fram getgátur um upptökin. Eins og Brady talar um þá leiðir þessi virkni ímyndunaraflsins til annarar virkni, sem felur í sér einhvers konar hugljómun um stærra samhengi, í þessu tilfalli náttúruöflin sjálf, þegar hún segir: „maður finnur svo mikið fyrir hvað móðir náttúra er öflug.“ Bæði þessi dæmi mætti einnig skoða í ljósi hugmyndar Hepburns

⁶⁰ Sigríður Þorgeirsdóttir fjallar nánar um þessa hlið upplifunar af náttúrunni í grein sinni „Conversations with Ourselves in Metaphysical Experiences of Nature“, *Conversations With Landscape*, ritstj. Karl Benediktsson og Katrín Anna Lund, Farnham: Ashgate, 2010, bls. 27-40, og segja má að ritgerð Páls Skúlasonar, *Hugleiðingar við Öskju*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005, snerti einnig á slíkri upplifun sem getur t.d. falist í því að „uppgötva sjálfan sig sem jarðarbúa“, hér bls. 21.

um frumspékilegt ímyndunarafl. Viðmælendur sjá þarna annars vegar ána sem tákmynd hringrásar lífsins á jörðinni og hinsvegar uppstreymi í hver sem birtingarmynd kraftanna sem leynast í iðrum jarðar.

Ímyndunaraflíð framkallar ekki bara hugrenningar um eiginleika og gildi þess fyrirbæris sem skynjað er, heldur líka hugrenningar um sjálfíð í tengslum við hið skynjaða fyrirbæri. Til að mynda þegar tveir viðmælendur lýstu hvernig þeir ímynduðu sér að detta ofan í Þjórsá og hvernig færi ef það gerðist. Annað hliðstætt dæmi má sjá í því hvernig viðmælandi lýsir því að hafa fundið fyrir eigin smæð gagnvart náttúruöflunum þegar hann ímyndaði sér þá eldvirkni sem hafði mótað hellinn sem hann var staddur í. Sams konar upplifun var lýst í tengslum við það sem viðmælandi skynjaði sem öræfakýrrð á Sveifluhálsinum. Þessi dæmi fela í sér líkamlega tilfinningu, sem jafnvel getur virst óttablandin. Fjallað hefur verið um sambærilegar upplifanir út frá hugmyndinni um ægífegurð (e. *sublime*). Hugtakið ægífegurð er almennt notað til að lýsa upplifunum af fyrirbærum sem eru af slíkri stærðargráðu eða búa yfir slíkum krafti að það þyrmir yfir huga þess sem skynjar þannig að viðkomandi nær ekki utan um það að skilja fyrirbærið í einni hugsun. Þegar þyrmir yfir skilningarvitin á þennan hátt tekur ímyndunaraflíð við til þess að ná utan um það sem skynjað er. Með hjálp ímyndunaraflsins vakna hugrenningar um þá stóru heild sem hvort tveggja, þetta kraftmikla og/eða gríðarstóra fyrirbæri og einstaklingurinn sem skynjar þetta fyrirbæri, eru hluti af. Ægífegurð, rétt eins og fegurð, er þannig tengslahugtak sem lýsir augnablikum þar sem fólk skynjar sig sem hluta af heild og því getur viss tegund sjálfspökkingar falist í slíkum upplifunum.⁶¹ Bókmenntafræðingurinn Christopher Hitt, lýsir því vel í skrifum sínum hvernig auðmjúkur ótti gagnvart yfirþyrmandi krafti og stærð náttúruaflanna er lykilþáttur í upplifun af ægífegurð í náttúrunni og vísar í því sambandi til þeirra heimspekinga sem einna fyrstir voru til að greina slíkar upplifanir:

Kant skrifaði að í reynslunni af ægífegurð skynjum við „mótstöðu-afl okkar sem óendanlega smátt í samanburði við mátt [náttúrunnar]“,⁶² og rifjar þannig upp þá staðhæfingu Burkes að „við skreppum saman í okkar eigin náttúru og okkur er á vissan hátt tortímt“⁶³

⁶¹ Emily Brady, „The sublime and contemporary aesthetics“, *Draumar um ægífegurð í íslenskri samtímalist*, ritstj. Æsa Sigurjónsdóttir, 2008, bls. 49-55; Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, *Vá! Undrun, fegurð og ægífegurð*.

⁶² Hitt vísar hér í Immanuel Kant, *The Critique of Judgment*, þýð. J.C. Meredith, Oxford: Clarendon Press, 1992 [1790], bls. 390.

⁶³ Hitt vísar hér í Edmund Burke, *A Philosophical Enquiry into the Origin of Our Ideas of*

Kant bætir við að „ómótstæðilegt vald náttúruaflanna neyðir okkur til að viðurkenna líkamlegt bjargarleysi okkar sem náttúruvera“⁶⁴ ... Hluti upplifunarinnar af ægifegurð er með öðrum orðum meðvitund um að við erum dauðlegar verur, „náttúruverur“ og líf okkar algerlega háð kröftum sem eru stærri en við.⁶⁵

Í dæmunum að ofan þar sem viðmælendur okkar lýstu skynjunum sínum af kröftum náttúrunnar eins og þeir birtast í straumi jökulárinnar og í storknaðri birtingarmynd eldvirkni virðist sem þau gangist við „ómótstæðilegu valdi náttúruaflanna“ og skynji eigin smæð og „líkamlegt bjargarleysi“ gagnvart þessum öflum. Þrátt fyrir að í öðru dæminu sé náttúruaflíð ekki virkt, þá virðist ímyndunaraflið vinna á grunni þekkingar um náttúruöflin.

Til viðbótar við skynjun og ímyndunarafl virtist þekking á jarðfræði einnig leika lykilhlutverk í upplifunum fólks, þá sérstaklega meðal staðkunnugra á Reykjanesskaga. Þeir höfðu flestir kynnt sér jarðfræði hans, sumir vísuðu jafnvel í samtöl við jarðfræðinga til að útskýra upplifanir sínar. Annað dæmi þekkingar er reynsluþekking. Sumir þeirra sem við töluðum við höfðu upplifað jarðskjálfta, meira að segja á svæðinu sem um ræðir. Aðrir höfðu orðið vitni að eldgosum og hraunrennsli en þó á öðrum svæðum. Þessi þekking, hvort sem það var jarðfræðileg þekking eða reynsluþekking, lagði grunn að virkni ímyndunaraflsins og gerði þeim kleift að sjá fyrir sér þá krafta sem höfðu skapað fyrirbærin sem þeir stóðu frammi fyrir. Í þeim dæmum þar sem kraftarnir eru virkir og skynjunin ein dugar til að koma ímyndunaraflinu af stað, virðist sem slík þekking sé ekki forsenda upplifunar af krafti náttúrunnar. Þessa ályktun má styðja með dæminu þar sem við sögðum gestum frá því hvernig Sogin höfðu myndast; hvernig sú litla þekking breytti og dýpkaði upplifun af Sogunum, og gerði kleift þetta skref að sjá fyrir sér hvernig náttúruöflin höfðu skapað umrætt fyrirbæri.

Aðkoma umbverfishugvísinda að landslagsmálum

Hér að framan höfum við gefið innsýn í rannsókn okkar á fagurferðilegu gildi landslags, sem byggir á vinnu okkar fyrir Faghóp I í Rammaáætlun. Í ljósi þeirrar sögu um þróun landslagsrannsókna, sem við reifuðum hér í upp-

the Sublime and the Beautiful, Notre Dame: University of Notre Dame Press, 1986 [1759], bls. 66.

⁶⁴ Hiitt vísar hér í Kant, *The Critique of Judgment*, bls. 111.

⁶⁵ Christopher Hiitt, „Toward an Ecological Sublime“, *New Literary History* 30: 3/1999, bls. 603–623, hér bls. 606–607.

hafi, má spyrja hverju þessi rannsókn bæti við og hvaða gildi hún hefur. Fyrir það fyrsta má nefna að í samhengi við þróun aðferða við mat á landslagi er hér í fyrsta sinn unnið með landslag í þeim skilningi að það lýsi tengslum manns og umhverfis en sé ekki einungis hlutbundið sjónrænt fyrirbæri. Með öðrum orðum byggir rannsókn okkar á upplýstari skilningi á landslagshugtakinu heldur en unnið hefur verið með fram að þessu í tengslum við skipulagsmál. Í þessu felst að fagurferðileg upplifun er tekin til greina sem forsenda þeirrar merkingar og gildis sem landslag hefur í huga fólks. Færa má rök fyrir því að rannsóknin hafi gildi fyrir það eitt og sér að tekist sé á við þetta verkefni, því með framkvæmd hennar er um leið stuðlað að upplýstari umræðu um fegurð landslags og upplifun almennings. Í Evrópusamningi um landslag segir einmitt að eitt af grundvallaratriðum við innleiðingu hans sé að efla vitund um landslag og gildi þess, hvort sem er meðal almennings eða þeirra sem með landslagsmál fara á opinberum vettvangi. Í annan stað hafa rannsóknirnar gildi í þeirri yfirstandandi þekkingarleit sem uppi hefur verið síðustu ár og áratugi á merkingu og gildi landslags, hvort sem átt er við hugtakið eða fyrirbærið landslag. Rannsóknin skapar vísi að dýpri þekkingu á fagurferðilegu gildi landslags á Íslandi, þar á meðal þeim grunnþáttum reynslunnar sem liggja gildinu til grundvallar. Bæði vísar þetta til fyrirbæranna sjálfra sem og þeirra hugmynda, upplifana, tilfinninga og tengsla sem reynslan felur í sér. Í þriðja lagi og þessu tengt, hafa rannsóknirnar hagnýtt gildi. Niðurstöður þeirra veita upplýsingar um gildismat almennings og geta þannig gert þeim fagaðilum sem fara með landslagsmál kleift að taka upplýstari ákvarðanir um gildi landslags, önnur en sjónræn. Með því að benda á hvaða fyrirbæri það eru í landslaginu sem skapa fagurferðilegt gildi þess má jafnframt huga sérstaklega að þeim fyrirbærum þegar mat er lagt á hvað beri að varðveita. Einnig má segja að rannsóknir sem þessar dýpki ekki einungis skilning á fagurferðilegu gildi landslags heldur séu þær einnig til þess fallnar að dýpka skilning á þeim lífsgæðum sem leiða af fagurferðilegu gildi landslags, jafnt fyrir þau samfélög sem búa þar og dvelja, sem og fyrir þá ferðamenn og útivistarfólk sem eftir þeim sækjast.⁶⁶ Rétt er að

⁶⁶ Hér má benda á að rannsóknir á gildi landslags skarast á vissan hátt við rannsóknir á áhrifum framkvæmda á ferðaþjónustu, ferðamennsku og útivist. Íslenskt landslag er auðlind sem ferðaþjónustan nýtir sér. Með öðrum orðum má segja að af fagurferðilegu gildi landslags hljóttist ávinningur í formi útivistar og endurnærandi áhrifa sem hefur áhrif á mögulega þróun ferðamennsku, útivistar og ferðaþjónustu. Sumar rannsóknir í þessum flokki fjalla um viðhorf ferðamanna, ímynd og aðdráttarafli náttúru, sjá t.d.: Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson, *Viðhorf ferðamanna og útivistariðkenda til jarðvarmavirkjunar við Trölladyngju í 3. áfanga Rammaáætlunar*,

taka fram að þessar rannsóknir eru langt í frá tæmandi, heldur marka þær upphafið að nýrri nálgun. Áframhaldandi rannsóknir af þessu tagi munu skapa nýja og viðtækari þekkingu, ekki aðeins um einstök svæði sem tekin eru til rannsóknar, heldur almennt um fagurferðileg gildi landslagsgerða á Íslandi. Með slíka þekkingu í farteskinu skapast grundvöllur til markvissari nálgunar í rannsóknum og skipulagsvinnu.

Þessi nýja nálgun er dæmi um það hvernig rannsóknir sem byggja á grunni hug- og félagsvísinda segja sögur af öðrum gildum en þeim sem dregin eru fram í náttúruvísindalegum rannsóknum. Eins og bent hefur verið á liggur mikilvægi umhverfishugvísinda ekki bara í því að bæta við fleiri fræðilegum sjónarhornum inn í fræðilega umræðu um umhverfismál heldur líka í því að stuðla að auknum þverfagleika í rannsóknum og stjórnsýslulegum ákvörðunum.

Þrátt fyrir að með rannsóknum sem þessum séu sagðar sögur af öðrum gildum, en þeim sem vanalega skipa stærstan sess í stjórnsýslulegum ákvörðunum, er ekki þar með sagt að sögur sem þessar rati inn í slíka ákvarðanatöku. Ekki er heldur ljóst hvernig þær ættu að gera það. Í umfjöllun okkar um landslagsrannsóknir á Íslandi drógum við upp mynd af tveimur aðskildum hópum sem fást við landslagsrannsóknir og þróun aðferðafræði í skipulagsvinnu, annars vegar fólki af verkfræðistofum sem fæst við mat á umhverfisáhrifum og hins vegar fræðafólki úr háskólasamfélaginu sem fæst við landslag í fræðilegu samhengi. Þótt gera megi ráð fyrir að hagnýtar rannsóknir um landslag á Íslandi byggi á fræðilegri þekkingu þeirra rannsóknna sem til eru um íslenskt landslag, þá virðist það ekki alltaf vera raunin. Aðeins á vettvangi Rammaáætlunar hefur háskólafolk á sviði landslags haft tækifæri til að koma að þróun aðferðafræði hagnýtra rannsókna. Stærstur hluti

Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, 2016; Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Diane Smith, „Turbulent times: Tourists’ attitudes towards wind turbines in the Southern Highlands in Iceland,“ *International Journal of Sustainable Energy*, 37: 9/2018, bls. 886-901. Sumar þessara rannsókna beita jafnvel aðferðum sem byggja á tengslaverufræðilegri sýn, rétt eins og gert er í rannsókn okkar sem hér var fjallað um, sjá t.d.: Gunnþóra Ólafsdóttir, *Ábrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar - Blöndulínu 3 - á ferðaþjónustu og útivist*, Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála, 2009. Þrátt fyrir líkindi með rannsóknum á gildi landslags og rannsóknum á áhrifum framkvæmda á viðhorf ferðamanna, þá er á þeim sá meginmunur að landslagið sem slíkt er ekki viðfangsefni rannsókna á áhrifum á ferðaþjónustu, hvorki sem fyrirbæri eða hugtak, heldur ferðaþjónusta, ferðamennska og útivist. Þessar rannsóknir hafa skírskotun til hagrænna sjónarmiða sem taka ber tillit til við ákvarðanatöku. Fagurferðilegt gildi landslags þarf hins vegar að meta óháð hagrænum forsendum.

þeirrar skipulagsvinnu sem fram fer í landinu og varðar landslag, fer aftur á móti fram í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Aðferðir sem beitt er á þeim vettvangi eru í stöðugri þróun,⁶⁷ en byggja fyrst og fremst á aðferðum sem þróaðar hafa verið erlendis, þrátt fyrir einhverja viðurkenningu á nauðsyn þess að aðferðafræði sem beitt er hérlendis taki mið af íslensku umhverfi og landslagi.⁶⁸ Fjarvera þeirra sem stundað hafa landslagsrannsóknir innan háskólasamfélagsins er þar umhugsunarverð. Auk þeirrar rannsóknar okkar sem hér var greint frá hefur á vettvangi Rammaáætlunar verið haldið áfram þróun aðferða við flokkun landslags.⁶⁹ Einnig hafa á sama vettvangi verið gerðar rannsóknir sem hafa það markmið að leggja mat á viðhorf almennings til íslensks landslags almennt,⁷⁰ og rannsóknir á sögu- og menningarlegu gildi landslags.⁷¹ Innan háskólasamfélagsins byggist þannig hægt og rólega upp þekking um íslenskt landslag.⁷² Spyrja má hvernig samvinnu háskólasamfélagsins, stjórnsýslunnar og einkageirans ætti að vera háttað. Einnig vakna spurningar um hvað kunni að hamla slíkri samvinnu.

Sameiginleg hugtakanotkun er mikilvæg forsenda samtals og samvinnu. Það hvort við skiljum landslag sem sjónrænt fyrirbæri fyrst og fremst eða sem hugtak sem lýsir tengslum manns og umhverfis leiðir að sjálfstöðu til ólíkra nálgana. Vandinn er því bæði verufræðilegur og þekkingarfræðilegur. Í þessu samhengi hefur upptaka erlendra aðferða á meðal fagfólks hér á landi mikil áhrif, þar sem þær erlendu aðferðir sem byggt er á, hafa sjónrænan skilning á landslagi til grundvallar. Í því felst smættun skynjunar, því það að

⁶⁷ Sjá Ólafur Árnason og Sólrún Svava Skúladóttir, *Mat á umhverfisáhrifum: Endurskoðun á þáttum sem fjalla um ásýnd: Landslagsgreining, útlit mannvirkja, landmótun og mótvægisáðgerðir*, Reykjavík, Landsvirkjun og Efla, 2018.

⁶⁸ Sjá t.d. Ólafur Árnason, *Aðferðir við mat á landslagi*, 2005.

⁶⁹ Adam Hoffritz, David Ostman og Þorvarður Árnason, *Landslagsflokkun með vettvangsgögnum og stafrænum aðferðum*, Höfn: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, 2016.

⁷⁰ Sigrún Birna Sigurðardóttir og Ágústa Edda Björnsdóttir, „Bara hver bluti landsins er einstakur“ – *Rýnihópagreining á viðborfum til íslensks landslags og gildi þess*, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2016.

⁷¹ Birna Lárusdóttir, Edda R. H. Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, *Gildi landslags: fagurferði, menningarminjar og saga: forrannsóknir til greiningar og mats á gildi landslags unnar fyrir fagbóp I þriðja áfanga Rammaáætlunar*, Reykjavík: Háskóli Íslands og Rammaáætlun. Höfundar kafla 3 og 4 sem fjalla sérstaklega um sögu- og menningarleg gildi eru Birna Lárusdóttir og Gísli Pálsson.

⁷² Þorvarður Árnason, „Landslag: þar sem náttúra og maður mætast“, *Frændafundur 9: fyrirlestrar frá íslensk-feryskri ráðstefnu í Reykjavík 26.–28. ágúst 2016*, 2016, bls. 77–92.

horfa á umhverfið er ekki það eina sem landslagsupplifun felur í sér. Smættun sem þessi byggir á hluthyggju, þ.e. að líta á landslag sem hluta af umhverfinu, en ekki sem tengsl á milli manns og umhverfis. Hluthyggja kann að henta til ýmiss konar rannsókna á landslagi, þá einkum rannsókna sem beina sjónum að hlutbundnum eiginleikum landslagsins, svo sem yfirborði þess, minjum, landnotkun o.s.frv. En með nálgun sem byggir fyrst og fremst á hinu sýnilega er ómögulegt að ná utan um þessi tengsl sem eru á milli manns og umhverfis og við köllum landslag. Sé ætlunin að beina sjónum að upplifunum fólks í landslagi og því gildi sem það hefur, er tengslaverufræðileg sýn nauðsynleg forsenda. Skilningur á landslagshugtakinu hefur aukist til muna síðustu ár innan háskólasamfélagsins, sérstaklega hvað varðar þessa tengslaverufræðilegu sýn, en sá skilningur hefur ekki skilað sér nema að nokkru leyti inn í hagnýtar rannsóknir.

Með auknum skilningi á þeim hugtökum sem beitt er þegar unnið er með landslag verða vinnubrögðin markvissari. Dæmi um það er hvernig nánari skoðun á því sem fyrst var kallað fagurfræðilegt upplifunar- og tilfinningalegt gildi og hvað í því felst rennir stoðum undir breytta orðanotkun, nefnilega að tala um fagurferðilegt gildi. Hugtaka- og orðanotkun sem beitt er innan þeirra aðskildu hópa sem fást við landslag bendir til að fleiri hugtök þarfnist enn skýringa. Hvað er til dæmis átt við þegar talað er um „mat“ á landslagi? Er verið að tala um stöðumat, gildismat, eða verðmætamat? Eða það að kunna að meta eitthvað eða að meta eitthvað að verðleikum? Hvernig þýðum við annars ensku hugtökin *assessment*, *evaluation* og *appreciation*? Það að beina sjónum á þennan hátt að þeim skilningi sem lagður er í hugtök sem eru notuð er verkefni fyrir umhverfishugvísindin.

Eitt af því sem rannsóknir okkar hafa leitt í ljós, og sem ýmsir aðrir hafa bent á, er að aðkomu almennings að skipulagsákvörðunum er verulega ábótavant. Bæði er aðkoman lítil og sjaldnast er gert ráð fyrir henni fyrir en undir lok skipulagsferla. Í Evrópusamningi um landslag kemur fram að þátttaka almennings sé lykilatriði í ákvarðanatöku um landnotkun og nýtingu. Rannsókn okkar var hönnuð með það að leiðarljósi að leyfa röddum fólksins að heyrast þannig að hægt væri að taka tillit til þeirra við ákvarðanatöku. Meðan á gagnaöflun stóð fundum við sterkt fyrir því hversu mikilvægt það var viðmælendum að fá tækifæri til að láta rödd sína heyrast og að á hana væri hlustað. Þannig var það valdeflandi fyrir einstaklingana, sem samfélagslega þegna, að vera þátttakendur í rannsókninni. Ýmsir nefndu að þeir hefðu viljað fá þetta tækifæri fyrir. Þetta leiðir einmitt til umhugsunar um samfélagslegt hlutverk rannsókna á gildi landslags og á hvaða stigi ákvörðunar-

tökuflerlisins slíkar rannsóknir ættu að fara fram. Með öðrum orðum er þetta spurning um lýðræði og hvernig efla má lýðræðislega þátttöku almennings í málefnum er hann varða.⁷³

ÚTDRÁTTUR

Að fanga fagurferðilegt gildi landslags Þróun aðferðafræði í rannsóknum við mat á landslagi

Í þessari grein er fjallað um þverfaglega rannsókn á fagurferðilegu gildi landslags sem unnin er á sviði umhverfishugvísinda. Til að varpa ljósi á samhengi og aðdraganda þeirrar rannsóknar er í fyrstu rakin saga landslagsrannsókna á Íslandi frá aldamótunum 2000, en frá þeim tíma hefur hugtakið landslag fest sig í sessi sem eitt af þeim viðmiðum sem horfa þarf til í ákvörðunum er varða skipulagsmál og landnýtingu. Innan háskólasamfélagsins og á verkfræðistofum hefur markvisst verið unnið að því að þróa aðferðir sem þjóna þeim tilgangi, en nokkuð hefur skort á samtal þar á milli, sem og sameiginlegan hugtakaskilning. Í þeirri rannsókn sem hér er fjallað um er þróuð ný aðferðafræði sem byggir á þeim hugtakaskilningi sem höfundar hafa leitt fram með fyrirbærafræðilegri nálgun innan heimspeki og mannvistarlandfræði. Hér eru dregnir fram valdir þættir hins fagurferðilega gildis og um þá fjallað í ljósi kenninga í náttúrufagurfræði, en umfjöllunin er angi stærri rannsóknar sem unnin var fyrir faghóp I í Rammaáætlun. Með þessari grein er varpað ljósi á gildi rannsókna á sviði umhverfishugvísinda þegar kemur að stjórnsýslulegum ákvörðunum er varða umhverfismál.

Lykilorð: Landslag, fyrirbærafræði, fagurferðilegt gildi, ímyndunarafli, Rammaáætlun

ABSTRACT

Capturing the aesthetic value of landscape Methodological developments in landscape evaluation research

This paper presents an interdisciplinary study of the aesthetic value of landscape, within the field of environmental humanities. The paper starts by tracing the his-

⁷³ Á allra síðustu árum hefur töluvert mikið verið fjallað um landslag og lýðræði í þeim löndum þar sem Evrópusamningurinn hefur verið fullgiltur og reynsla er komin á þá ferla sem settir voru þar af stað. Sjá til dæmis kafla í bókinni *Defining Landscape Democracy: A path to spatial justice*, ritstj. Sheely Egoz, Karsten Jørgensen og Deny Ruggeri, Cheltenham UK og Northampton, MA, USA: Edward Elgar Publishing, 2018.

tory of landscape studies in Iceland from the year 2000, in order to shed light on the context and background of the study. From that time the concept of landscape has become one of the objectives that need to be taken into consideration when decisions in planning and land use are made. Among both academics and consulting engineers, methods have been developed to serve that purpose, but communication and common conceptual understanding has to some extent been lacking. In the study here presented a new methodology is developed, which builds on the conceptual understanding the authors have induced through phenomenological perspectives within philosophy and human geography. Chosen aspects of the aesthetic value of landscape are presented and discussed in light of theories within environmental aesthetics. What is presented here is a part of a larger research project that was conducted for working group I within the Master Plan for Nature Protection and Energy Utilization. With this paper the value of studies within the environmental humanities for environmental decision-making is emphasized.

Keywords: Landscape, phenomenology, aesthetic value, imagination, Master Plan

EDDA R. H. WAAGE

Lektor í landfræði og ferðamálafræði

Líf- og umhverfivísindadeild, Land- og ferðamálafræðistofu

Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands

Sturlugötu 7

IS-102 Reykjavík, Ísland

erw@hi.is

GUÐBJÖRG R. JÓHANNESDÓTTIR

Lektor við Listkennsludeild

Listaháskóli Íslands

Laugarnesvegur 91

IS-104 Reykjavík, Ísland

gudbjorgr@lhi.is

Nýdoktor við Heimspækistofnun

Háskóli Íslands

Sæmundargötu 2

IS-102 Reykjavík, Ísland

gudbjorgr@hi.is